DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2540 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 18. mars 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Samkomubann og lokun húsnæðis framhaldsskólanna

Það var tómlegt um að litast á bílastæðum FSu á mánudagsmorgun. Mynd: Dagskráin/GPP

Samkomubann sem stjórnvöld hafa sett á sem viðbrögð við Covid-19 kallar á lokun framhaldsskólanna á Íslandi. Undir það falla Fjölbrautarskóli Suðurlands og Menntaskólinn á Laugarvatni. Í tilkynningum frá skólastjórnendum Menntaskólans á Laugarvatni kemur fram að nemendur við framhaldsskólann hafi þurft að yfirgefa skólann og heimavistina eigi síðar en sunnudagin 15. mars sl., en ekki er heimild til þess að koma á vistir eða í skólahúsið á meðan samgöngubannið varir. Það sama gildir um FSu.

Nemendur hvattir til að sinna námi sínu vel þrátt fyrir aðstæður

Þrátt fyrir þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu hvetja skólarnir nemendur til þess að sinna námi sínu af kostgæfni. „Kennarar munu gera sitt allra besta til að styðja við nemendur og svara spurningum sem vakna,“ segir á heimasíðu FSu. Skólameistari ML segir: „Verkefnið er flókið en kennarar skorast ekki undan þessari ábyrgð og hér munu allir leggja sitt af mörkum við að halda uppi góðu skólastarfi fyrir nemendur þó í fjarlægð verði.“

Forráðamenn hvattir til að styðja vel við nemendur

Í ljósi aðstæðna eru foreldrar og forráðamenn nemenda hvattir til að styðja við börn sín og hvetja þau til dáða við námið. Það krefst meiri sjálfsaga að sinna námi sínu svo vel sé í fjarvinnu. Það er taumhald fólgið í því að mæta í tíma á hverjum degi í hópi félaga. Því eru foreldrar hvattir til að skerpa á því að stunda skólann vel þrátt fyrir fjarlægðir. Það tryggir betur að námsferill haldist óraskaður og námið sé á áætlun. *-gpp*

Starfshópur kanni arðsemi repjuræktunar

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur skipað starfshóp um ræktun og nýtingu orkujurta, s.s. repju. Verkefni hópsins er að kanna forsendur fyrir stórtækri og sjálfbærri ræktun orkujurta á Íslandi til framleiðslu á lífdísil og öðrum afurðum, t.d. fóðurmjöli, áburði og stönglum.

„Efling akuryrkju, ræktun orkujurta og nýting repjuolíu getur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á margvíslegan hátt. Rannsóknir sýna að hægt er að framleiða hér á landi lífdísil úr repjuolíu sem nýta megi sem eldsneyti á þorra þeirra véla sem gerðar eru fyrir dísilolíu úr jarðolíu. Íslensk framleiðsla sparar innflutning og vinnsla afurðanna skapar atvinnu og eykur sjálfbærni,“ segir ráðherra.

Samgöngustofa og þar á undan Siglingastofnun hefur um langt skeið unnið að rannsóknum á ræktun orkujurta á Íslandi og nýtingu þeirra. Gerðar hafa verið tilraunir með repjuræktun sem hafa gefist vel. Ræktun og notkun repjuolíu væri hagkvæm um leið og hún hafi jákvæð áhrif á umhverfið.

Tilraunir Samgöngustofu benda til þess að repjudísill gefi við brennslu sambærilega orku og hefðbundin dísilolía. Stór markaður er fyrir repjuolíu sem lífdísil, en íslenski fiskiskipaflotinn brennir til dæmis árlega alls um 160 þúsund tonnum af dísilolíu. Reynslan hefur sýnt að hver hektari lands í repjurækt gefur af sér um eitt tonn af repjuolíu. Miðað við 10% íblöndun þyrfti því að rækta repju á um 16.000 hekturum lands.

Sömuleiðis metur Samgöngustofa ávinning felast í ræktun repju í landgræðslu. Tækifæri felast í aukinni akuryrkju sem hefur náð nokkurri hylli íslenskra bænda á undanförnum árum og áratugum. Ræktun á innlendu fóðri sem áður var talin utan seilingar fyrir Íslendinga, hefur verið stunduð með ágætum árangri í öllum landshlutum og verður sífellt stærri þáttur í fóðuröflun bænda. Það eykur möguleika landbúnaðar og gæti orðið mikilvæg nýsköpun hér á landi. Ávinningurinn fer eftir því landi sem valið er en hann er mestur á ógrónu landi svo sem á íslenskum söndum.

Meginverkefni sérfræðingahópsins er annars vegar að greina framleiðslu og framleiðsluverð repjuræktunar ásamt

flutningskostnaði og öðrum kostnaði við ræktunina, þ.m.t. hver væru hagkvæmustu ræktunarsvæði landsins. Hins vegar að leggja mat á mögulegan markað fyrir repjuafurðir og markaðsverð. Það verður einnig hlutverk hópsins að vinna að því að uppfylla markmið í þingsályktun Alþingis frá árinu 2017 um að árið 2030 verði 5-10% eldsneytis íslenska skipaflotans íblandað lífeldsneyti.

Í starfshópnum sitja Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra og formaður hópsins, Dr. Gylfi Árnason prófessor við Háskóla Íslands, Hlín Hólm frá Samgöngustofu, Jón Bernódusson frá Samgöngustofu, Jón Þorsteinn Gunnarsson frá Fóðurblöndunni, Ólafur Eggertsson bóndi á Þorvaldseyri, Sandra Ásgrímsdóttir frá Mannviti og Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Starfshópurinn mun skila tillögum og drögum að aðgerðaáætlun fyrir lok september á þessu ári.



Valdimarsdagur eftir Kim Leine

Skáldsagan Valdimarsdagur eftir danska verðlaunahöfundinn Kim Leine er komin út hjá bókaútgáfunni Sæmundi. Það er fjórða bókin eftir Leine sem kemur út á íslensku allt frá því Spámennirnir í Botnleysufirði slógu í gegn á íslenskum markaði haustið 2015. Í kjölfarið fylgdu bækurnar Kalak og Rauður maður-svartur maður.

Á bókarkápu segir m.a.:

Lóðið var brotið og sennilega bara tveir þriðju af upphaflegri lengd en það var einmitt mátulegt. Og þyngdin var frábær, miðað við stærð. Hann lukti greip sinni utan um lóðið og prófaði að sveifla því. Blýið gaf hreyfingunni slagkraft sem erfitt var að stöðva þegar sveiflan var komin í gang.

Það er 15. júní árið 1938, dagur Valdimars sigursæla og danska fánans. Í leiguherbergi í miðborg Kaupmannahafnar vaknar ungur maður, kófsveittur eftir óróleg nótt. Þetta er Erik. Hann hefur ákveðið að drepa mann.

Við fylgjumst með ferðum unga mannsins þennan dag og kynnumst um leið bakgrunni hans, aðdraganda þessarar örlagaríku ákvörðunar, rannsókn lögreglunnar á glæpnum og loks afleiðingunum sem glæpurinn og refsingin hafa á líf hans.

Í Valdimarsdegi segir verðlaunahöfundurinn Kim Leine sögu föðurafa síns.

Jón Hallur Stefánsson þýddi.

Héraðsþingi HSK frestað vegna Covid-19

Í tilkynningu frá stjórn HSK kemur fram að héraðsþinginu sem stóð til að halda fimmtudaginn 19. mars nk. verður frestað í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp vegna kórónuveirunnar í þjóðfélaginu. „Þinginu er frestað tímabundið en ný dagsetning hefur ekki verið ákveðin," segir í tilkynningunni.

BJÖRGUNARFÉLAG ÁRBORGAR

Aðalfundi Björgunarfélags Árborgar sem átti að vera þann 23. mars nk. hefur verið frestað

Ný tímasetning auglýst síðar.

Hrós vikunnar

Selma Harðardóttir
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Selma Harðardóttir

Hrós vikunnar sendi ég **dagforeldrum Árborgar**. Ég vil þakka öllu þessu óeigingjarna fólki fyrir að opna heimili sín fyrir börnunum okkar, því eins og staðan er í dag er mikill skortur á leikskólaplássi í sveitarfélaginu. Dagforeldrar eru því mikilvægur hlekkur í því að halda samfélaginu gangandi og eru a.m.k 60 börn sem fá að vaxa og dafna í umsjá þessa góða fólks.

Selma Harðardóttir

Ég skora á Helgu Guðrúnu, dagmóður og góða vinkonu, að koma með hrós næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Helga Guðrún, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Gróðureldar eru ekki ný fyrirbæri og hafa án efa logað á jörðinni löngu áður en maðurinn varð til í þeirri mynd sem hann er í dag. Í raun markar gróðureldur oft nýtt upphaf í náttúrunni þar sem það gamla eyðist og nýtt líf vex upp úr sverðinum og endurnýjun verður. Hringrás náttúrunnar heldur áfram.

Þetta getur eðli málsins samkvæmt haft miklar neikvæðar afleiðingar fyrir dýralíf á viðkomandi svæði meðan ósköpin ganga yfir og auðvitað þess fólks sem á svæðinu býr. Bæði getur lífi þeirra verið ógnað sem og afkomu.

Mikið er rætt um breytt veðurfar um þessar mundir og eru allar líkur á því að þessar breytingar leiði til aukinna þurrka og hækkandi hitastigs hér á landi. Með þessum breytingum geta líkur á gróðureldum aukist til muna.

Við Íslendingar höfum oft í flimtingum hversu lítið af trjágróðri sé á Íslandi samanber leiðbeiningarnar sem við gefum erlendum ferðamönnum um hvað skal gera ef maður týnist í íslenskum skógi, sem sagt, maður stendur upp.

Hins vegar er ræktun trjágróðurs mikil á landinu okkar og með hlýnun verða aðstæður gróðrinum hagstæðari og því líklegt að aukning verði á trjávexti á komandi árum. Lággróður á landinu er mikill í formi grass og mosa. Lággróðurinn er kjörin leið fyrir útbreiðslu elds yfir í hágróður. Einnig geta eldar í þurrum jarðvegi logað lengi og djúpt niður í jörðina langtímum saman.

Í þurrkatíð verður allt þetta lífræna efni eldnærandi og getur eldur borist mjög hratt um lággróðursvæði sem og hágróðursvæði. Mikilvægt er í skipulagningu gróðursvæða að huga að skiptingu svæða niður í brunahólf til þess að minnka líkur á því að eldur berist á milli hólfa. Þetta er hægt að gera með samsetningu lauftrjáa og barrtrjá auk þess sem mikilvægt er að akstursháfir stígar og vegir séu settir á gróðursvæðið til þess að tryggja aðkomu björgunaraðila.

Sumarhúsaeigendur þurfa sérstaklega að huga að sínu nærumhverfi. Víða á Íslandi má sjá sumarhúsahverfi í þéttum skógum eða trjálundum þar sem tré og runnar vaxa alveg upp að sumarhúsum. Þetta eykur eðlilega til muna líkurnar á því að eldur berist í mannvirkin ef til gróðurelds kemur. Mikilvægt er að allavega einn og hálfur metri í kringum húsin séu alveg gróðurlaus og að minnsta kosti níu metra radíus í kringum húsin hafi ekki hágróður en ágætar leiðbeiningar og upplýsingar um þessi mál má finna á heimasíðunni grodureldar.is.

Í þurrkatíð er heillavænlegt að halda gróðri safaspenntum í nærumhverfi bygginga með vökvun sé þess kostur. Það minnkar verulega líkur á því að eldur geti borist að húsum. Einnig er mikilvægt að tryggja aðkomu slökkviliðs og annarra björgunaraðila með því að gæta þess að vegir beri þung ökutæki og að trjágróður þrengi ekki að akstursleiðum. Dýrmætur tími björgunaraðila getur tapast ef byrja þarf á því að klippa greinar eða höggva niður tré til þess að björgunartæki komist leiðar sinnar.

Ekki er allstaðar greiður aðgangur að vatni til slökkvistarfa á sumarhúsasvæðum en umtalsvert vatn þarf til slökkvistarfa í gróðureldum. Slökkvilið bera oft og tíðum talsvert vatn með sér í dælubílum og tankbílum en það má sín í raun lítils ef ekki næst að slökkva eldinn á upphafsstigi.

Sumarhúsaeigendur og sumarhúsafélög geta gert ýmislegt til þess að tryggja að aukið slökkvivatn sé á þeirra svæði. Þar má nefna niðurgrafnar safnþrær, stíflur í skurðum og lækjum auk þess sem hægt er að safna vatni frá heitum pottum í miðlæga safntanka. Að sjálfsögðu er best að gera þetta með vitneskju viðkomandi slökkviliðs, svo björgunaraðilar viti hvar vatnið er að finna og svo hægt sé að tryggja að tæki slökkviliðsins nái örugglega vatni úr viðkomandi vatnslind.

Hvað varðar flótta fólks frá sumarhúsasvæðum þar sem eldur hefur komið upp í gróðri er mikilvægt að minnsta kosti sé um tvær flóttaleiðir að ræða, helst úr gagnstæðum áttum. Eldur og reykur geta bæði hindrað og heft för fólks ef vindátt er þannig að flóttaleið lokast.

Það er afar mikilvægt að huga að sínu nærumhverfi með fyrirbyggjandi hætti til þess að lágmarka þá hættu sem að okkur og okkar nánustu getur steðjað. Það getur verið langt í næstu björgunaraðila ef illa fer og þegar eldur hefur náð sér á strik getur hann breiðst út með ógnar hraða. Við berum heilmikla ábyrgð sem einstaklingar á okkur og samborgurum okkar og þurfum því að gæta öryggis og haga okkar leik og störfum þannig að hvorki okkur né öðrum stafi hætta af. Lykillinn að öruggu nærumhverfi er góður undirbúningur og fyrirbyggjandi aðgerðir. Kvikni eldur í gróðri er nánast alltaf hægt að slökkva hann á auðveldan hátt í upphafi hafi maður til þess réttu áhöldin, en fái hann að dafna, þó ekki sé nema í örfáar mínútur getur voðinn verið vís.

Pétur Pétursson,
slökkviliðsstjóri
Brunavarna Árnessýslu.

DFS.IS

Fáðu tilboð í auglýsinga-pakka í blaðið og á vefinn!

Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Heyrðu í okkur strax í dag!

Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 Hvolsvelli óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til sumarstarfa og í hlutastarf. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður og iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið á vöktum.

Helstu verkefni

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla á sambærilegu starfi er kostur

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Björgvinsdóttir, í **síma 487 8197** eða **jennyb@n1.is**

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt Hvolsvöllur

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNAVOTTUN 2017 • 2020

N1

VÍNBÚÐIN VÍK

Við óskum eftir að ráða sumarstarfsmann

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Starfshlutfall er 65%
Starfstímabil er frá byrjun júní til 15. ágúst.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 29. mars. nk. Áhugasamir sæki um starfið á **vinbudin.is**
Nánari upplýsingar: Petra Kristinsdóttir, vik@vinbudin.is, 560 7892 og Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

VÍNBÚÐIN

Hvaða úlf ætlar þú að fóðra?

Einfaldara líf
www.einfaldaralif.is

Ég er þakklát fyrir að vera Íslendingur. Þessa dagana er ég þó líklega stoltari en nokkru sinni fyrr. Það er magnað að sjá hvernig lítil þjóð vinnur saman á tímum sem víða erlendis er kallaður pandemic en á íslensku heimsfaraldur. Ég er þakklát fyrir Víði, Þórhall, Ölmu og alla þá sem sitja blaðamannafund dag eftir dag til þess að koma réttum og skýrum upplýsingum til okkar (almennings). Þetta er ekki öfundsverð staða sem þau eru í og sem aldrei fyrr þurfa þau á hvatningu okkar að halda. Góðum kveðjum, þakklæti og bæn.

Í þessum aðstæðum er ég mjög hugsi. Mig langar til þess að hvetja alla sem glíma við ótta að takast á við aðstæður af æðruleysi og skynsemi. Mig langar til þess að hvetja foreldra, kennara og alla þá sem koma að því að annast börn að vanda orðaval sitt, brosa og halda ró sinni. Ég veit að langflestir gera það en ég veit líka að úti í samfélaginu okkar er fullt af fólki sem bregst við í ótta og kvíða. Þegar við upplifum ótta koma líkamleg einkenni sem geta gert það að verkum að við bregðumst við aðstæðum á rangan hátt. Það hefur til dæmis sést í því hversu margir hafa verið að hamstra klósettpappír. Það er ekkert rökrétt í því að hamstra klósettpappír í þessum aðstæðum. Eins og einn vinur minn skrifaði á Facebook, „Ef þið teljið ykkur þurfa 100 klósettpappírsrúllur fyrir 2 vikna einangrun þá er þetta eitthvað annað en Koronavírus“.

Ég er ekki að gera lítið úr óttanum. Ég hef oft upplifað ótta í lífi mínu. Ég hef oft upplifað hann svo sterkt að ég fæ verk í magann, hjartað pumpar hraðar og mig langar að flýja. Mitt í óttanum vill stjórnsemi oft taka völd af því að okkur getur liðið illa þegar að við höfum ekki stjórn á aðstæðum. Þess vegna fylgir oft ótti óvissuástandi. Kórónavírusinn er hér og þú ert á varðbergi. Það eru allskonar kemísk efni sem streyma í gegnum líkama þinn og þú flýtir þér í búðina til að kaupa klósettpappír. Stoppaðu! Hugsaðu! Ekki bregðast strax við óttanum. Gefðu þér 90 sekúndur. Þú getur fundið fyrir óttanum, horfst í augu við hann og svo fundið hvernig hann hverfur. Ef hann hverfur ekki þá er mikilvægt að þú reynir að greina hugsanir þínar. Hugsanir hafa ótrúlegt vald yfir líkama okkar og viðbrögðum okkar. Það besta sem þú getur gert til að takast á við óttann þessa dagana er að greina hugsanir okkar og taka stjórn á þeim. Byrjaðu á því að fylgjast með viðbrögðum þínum þegar næsta COVID-19 fréttatilkynning kemur eða næsta samfélagsmiðlaumfjöllun. Fylgstu með og hugsaðu um tilfinningaleg og líkamleg viðvörunarmerki sem þú ert að upplifa. Veldu síðan að beina huganum að því sem þú getur verið þakklát/ur fyrir. Að hugsa rökrétt. Að viðurkenna óttann. Þú getur haft stjórn á hugsunum þínum. En þú þarft að bregðast við á meðvitaðan hátt.

Við „fullorðna“ fólkið þurfum að halda ró okkar. Við þurfum að vera skynsemisröddin, rödd jafnvægis, rödd æðruleysis og rödd kærleikans. Ég hef fulla trú á því að við sem þjóð munum koma sterkari út úr þessum heimsfaraldri ef við höldum áfram að standa saman, iðka þakklæti og hlýða þeim fyrirmælum sem okkur eru gefin.

Að lokum vil ég enda á þessari frábæru sögu sem passar svo vel við á tímum sem þessum.

Einu sinni var gamall maður sem var að kenna barnabarninu sínu á lífið. Hann sagði við barnabarnið: „Það er bardagi í gangi innra með mér.“ „Þetta er hræðileg barátta og hún er á milli tveggja úlfa. Einn er vondur - hann er reiði, öfund, sorg, eftirsjá, ótti, græðgi, hroki, sjálfsvorkunn, sektarkennd, gremja, minnimáttarkennd, lygar, falskt stolt og eigingirni“. Hann hélt áfram: „Hinn er góður - hann er gleði, friður, kærleikur, von, æðruleysi, auðmýkt, góðvild, velvilji, hluttekning, örlæti, sannleikur, samúð og trú. Sami bardagi er að gerast inni í þér - og inni í hverri einustu manneskju“. Barnabarnið hugsaði um það sem afi gamli hafði sagt í eina mínútu og spurði afa sinn síðan: „Hvaða úlfur mun vinna?“

Þá sagði gamli maðurinn: „Sá sem þú fóðrar.“

Hvaða úlf ætlar þú að fóðra í gegnum þennan heimsfaraldur?

Til þess að fóðra góða úlfinn getur þú sýnt öðrum kærleika, talað uppörvandi orð inn í líf annarra. Þú getur lesið uppbyggjandi efni, æft þig í djúpöndun (anda inn á fimm, halda andanum inni á fimm og anda út með munninum á fimm), horft á skemmtilega kvikmynd, farið í göngutúr, stundað líkamsrækt, iðkað bænalíf (æðruleysibænin er mögnuð), hugleitt, spjallað við vini og ættingja, hlustað á uppbyggjandi hlaðvörp, dvalið í þögn, dansað (mæli með *Body Groove* á Youtube) og skrifað niður þrennt sem þú ert þakklát/ur fyrir á hverjum degi.

Ég hvet þig til þess að fylgjast með einstaklingum á samfélagsmiðlum sem eru að koma jákvæðum skilaboðum til almennings. Einstaklingum sem vilja ekki ala á ótta heldur fóðra góða úlfinn. Ef þú vilt fylgja mér á samfélagsmiðlum þá held ég úti Facebook-síðunni *Einfaldara líf* og Instagram reikningnum *gunnastella*.

Kærleiks “blikk”
Gunna Stella

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er Erla B. Sigurðardóttir.

Ó, þú dásamlegi vinur og nágranni með meiru - Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, takk fyrir að skora á mig. Langþráður draumur hefur ræst! Ég valdi að birta hér uppskrift að súpunni góðu sem ég bauð ykkur upp á um daginn. Súpa þessi er einföld og þægileg í undirbúningi.

Fiskisúpa með karrý og ferskjum

1 stór laukur
2 hvítlauksrif
3 tsk. karrý
1-2 dósir Hunt´s stewed Tomatoes
2 litlar dósir ferskjur með safa (brytjaðar)
3 dl vatn + 3 tsk. súpukraftur
2 ½ dl rjómi
Salt og pipar
Smá olía til að hita laukinn
Rækjur og annar fiskur eftir smekk (t.d. lax, ýsa, skelfiskur)

Laukur, hvítlaukur og karrý er svissað á pönnu. Tómatar, ferskjur og ferskjusafinn, súpukraftur og rjómi er sett út í og látið malla í 20 mínútur. Rétt áður en súpan er borin fram er fiskurinn látinn út í.

Auðvitað væri ráð að baka sjálfur brauð með þessari ljúffengu súpu en hæfileikar mínir liggja annars staðar en í bakstri og því kaupi ég nú bara alltaf nýbakað í næsta bakaríi. Með brauðinu er tilvalið að bjóða upp á dásamlegt smjör sem ég fékk frá Salt eldhús en aðferðin er einföld.

Skiptið einu 500 gramma smjörstykki í tvennt. Annar helmingurinn er látinn standa þangað til hann mýkist alveg í gegn en hinn er látinn í pott yfir meðalhita. Fyrst mun smjörið bráðna, síðan mun það byrja að „poppa“ og frussast og þá er gott að bregða loki yfir pottinn á meðan að það er ganga yfir svo smjörið skvettist ekki yfir allt eldhús. Þegar allt vatn hefur gufað upp (smjör er um 20% vatn), mun það hætta að „poppa“ og byrja að freyða. Froðan sem stígur upp er gullin að lit og þegar froðan breytir um lit og verður karamellulituð, skal taka smjörið af hitanum og hella því í skál. Á þessu stigi munuð þið líka finna öðruvísi lykt af smjörinu, en það ilmar alveg dásamlega af ristuðum hnetum og karamellu. Skafið allt úr pottinum og setjið í skál, líka þessu dökku skán sem er á botninum á pottinum, hún gefur mesta bragðið. Látið skálina standa á borði þangað til smjörið kólnar það mikið að það stífnar aftur. Setjið hvoru tveggja í hrærivélaskál og þeytið saman í 10-15 mín. eða þangað til mjög létt og ljóst.

Ég hef ákveðið að skora á meistara Óla Jón Ólason sem hefur margoft komið mér á óvart með leikni sinni í eldhúsinu. ég hlakka til að sjá hvað hann ætlar að bjóða lesendum upp á.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Löngum er ég látin vegi laga og slétta,
ásamt fleirum manninn metta,
mishæðum af timbri fletta.

Svar við gátu í blaði 2039: EGG.
1. lína: Egg á hnífi eða ljá - 2. lína: Álftaregg
3. lína: Fjallsegg

DFS TV
DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.
Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.

Glaðlegir páskaungar

Það styttist í páska og ekki úr vegi að fara að huga að páskaskrauti. Uppskrift vikunnar er af glaðlegum litlum ungum sem eru um 7-8 sm að hæð. Þeir eru auðveldir og fljótgerðir og um að gera að gera þá svolítið fjölbreytta, hvern með sinn svip.

Efni:
Cotton quick bómullargarn, 1 dk gult, 1 dk appelsínugult, spotti af dökku bómullargarni fyrir augu. Heklunál no 3, tróð, prjónamerki.

Skammstafanir:
fl: fastalykkja, kl: keðjulykkja, ll: loftlykkja, st: stuðull.

Töfralykkja - búið til nettan hring úr bandinu og heklið utan um hann, í lok vinnunnar er dregið fast í lausa endann til að hringurinn lokist alveg og gengið frá endanum.

Athugið að ljúka hverri umferð með 1 kl, byrjið nýja umferð með 1 ll.

Gott er að skilja um það bil 10 sm enda eftir í lokin til að festa búkhluta saman.

Uppskrift:

Búkur:
Heklaður með gulu garni.
1.umf. 6 fl um töfralykkju.
2.umf. 2 fl í hverja fl (alls 12 l).
3.umf. *1 fl, 2 fl í næstu fl* út umferðina (alls 18 l).
4.umf. *2 fl, 2 fl í næstu fl* út umferðina (alls 24 l).
5.umf. *3 fl, 2 fl í næstu fl* út umferðina (alls 30 l).
6.-8.umf. 1 fl í hverja fl fyrri umferðar.
9.umf. 13 fl, 2 fl saman * 2, 13 fl (alls 28 fl).
10.umf. 11 fl, 2 fl saman, 2 fl, 2 fl saman, 11 fl (alls 26 fl).
11.umf. 9 fl, 2 fl saman, 4 fl, 2 fl saman, 9 fl (alls 24 fl).
12.umf. 7 fl, 2 fl saman, 6 fl, 2 fl saman, 7 fl (alls 22 fl).
13.umf. 5 fl, 2 fl saman, 8 fl, 2 fl saman, 5 fl (alls 20 fl).
14.umf. *2 fl saman, 1 fl* endurtakið * * 5 sinnum (alls 15 fl).
15.umf. *2 fl saman, 2 fl* endurtakið * * 5 sinnum (alls 10 fl).
Hér er sniðugt að doka við og byrja að fylla búkinn með tróði.
16.umf. 3 fl, 2 fl saman*2 sinnum, 3 fl (alls 8 fl).
17.umf. 2 fl, 2 fl saman*2 sinnum, 2 fl (alls 6 fl).
18.umf. 1 fl, 2 fl saman*2 sinnum, 1 fl (alls 4 fl).
Fyllið nú búkinn endanlega, klippið endann frá, þræðið í gegnum fl sem eftir eru og lokið gatinu, gangið snyrtilega frá endum.

Goggur:
Heklaður með appelsínugulu garni.
Heklið 6 ll. snúið við og heklið 5 fl til baka.
Snúið við, heklið 2 fl saman í fyrstu fl, 3 fl, 2 fl saman í síðustu fl.
Heklið eina umferð kl allan hringinn.
Höfuð: Heklað með gulu garni.
Fyrstu 4 umferðirnar eru eins og á búknum.
5.-8.umf. 1 fl í hverja fl fyrri umferðar.
9.umf. *2 fl saman, 2 fl* út umferðina (alls 18 l)
10.umf. *2 fl saman, 1 fl* út umferðina (alls 12 l)

Setjið tróð inn í höfuðið, nokkuð þétt.

Nú er gott að sauma augun, þau eru sett á milli 5. og 6. umferðar. Notið dökkan lit, festið garnið snyrtilega og saumið einn lítinn kross, næst þegar nálin kemur upp í gegn vefjum við garninu 5 sinnum um nálina, drögum í gegn og stingum niður þétt við hliðina á. Næsta auga er gert eins í um það bil 1 cm fjarlægð. Festið endann snyrtilega.

Festið nú gogginn á. Brjótið hann saman þannig að breiðari hlutinn sé efri vör. Saumið gogginn við höfuðið ca 1 sm fyrir neðan augun. Athugið að auðveldlega má búa til ólíka svipi á ungana með því að halla gogginum.

11.umf. Heklið 2 fl saman út umferðina (alls 6 l).

Klippið garnið frá, munið að hafa þráðinn nægilega langan til að festa með höfuðið við búkinn.

Fætur:
Heklaðir með appelsínugulu garni.

Búið til töfralykkju og heklið um hana 2 ll, 2 st, 1 fl, 1 ll, 2 st, 1 fl, 1 ll, 2 st, 1 fl, 6 ll, snúið við og heklið 5 fl niður loftlykkjurnar, 1 kl í miðju töfralykkjunnar, klippið frá. Þéttið að töfralykkjunni, þræðið endann upp eftir fætinum og festið við búkinn. Heklið annan fót eins.

Vængir:
1.umf. Heklið 76 fl um töfralykjuboga.

2.umf. 2 fl í fyrstu fl 2 st í næstu fl, 1 tvöfaldan st í næstu fl, 2 st , 2 fl í þar næstu fl, 1kl, 1 kl í næstu 2 fl. Heklið eina umf af kl allan hringinn..

Klippið frá. Festið vænginn við búkinn með miðjuþræðinum og tyllið honum að framan með endaþræðinum.

Heklið annan væng eins.

Festið nú höfuðið við búkinn, gaman er að prófa að tylla því með mismunandi halla á búkinn til að ná fram kankvísum svip.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

Störf við íþróttamannvirkin í Reykholti og á Laugarvatni

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir laus til umsóknar störf við Íþróttamannvirkin í sumar.

Verkefni starfsmanns felast m.a. í:
- Gæsla við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðsla og þjónusta við gesti.
- Almenn þrif.

Hæfniskröfur:
- Hafi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og reynslu af því að umgangast börn og unglinga.
- Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa lokið námskeiði í skyndihjálp og standast sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2020 en umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til forstöðumanna á netföngin skuli@blaskogabyggd.is, sund-laug@blaskogabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu Reykholti 806 Selfoss.

Jobs at the Sports Centers in Reykholt and Laugarvatn, Bláskógabyggð

The municipality Bláskógabyggð seeks workers for jobs at the Sports Centers this summer.

The work involves among other things:
- Lifeguarding at the swimming pool and monitoring the bathrooms, gym and fitness room.
- Serving the customers.
- Cleaning the facilities.

Requirements:
- To be able to serve, good communicative skills and experience in handling kids and teenagers.
- Applicants need to be at least 18 years old and have to finish a course in first aid and a test for life-guards at swimming pools.
- Initiative and independence at work.
- Clean criminal record.

Pay and employee benefits are according to the collective agreement between the municipality and the involved workers union.

Deadline for applying is April 15th 2020 and applications and questions can be sent to the directors at skuli@blaskogabyggd.is or sund-laug@blaskogabyggd.is or at the office of the municipality at Aratunga, Reykholt, 806 Selfoss.

Verð syfjuð af því að lesa leiðinlegar bækur

-segir lestrarhesturinn Elín Gunnlaugsdóttir

Elín Gunnlaugsdóttir er fædd á Selfossi en uppalin í Biskupstungum. Hún nam tónsmíðar og tónlistarkennslu og starfar við það ásamt því að reka Bókakaffið á Selfossi. Hún bjó á námsárunum í Reykjavík og á Eyrarbakka en hefur búið á Selfossi síðustu tuttugu og fimm árin. Elín er gift Bjarna Harðarsyni, rithöfundi og bóksala og eiga þau fjögur börn og fjögur barnabörn.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er búin að vera í bókaklúbbi til fjölda ára með nokkrum góðum konum hér á Selfossi og á næsta fundi er ætlunin að ræða *Glæp við fæðingu* eftir Trevor Noah. Þrátt fyrir að ég hafði heyrt mikið talað um bókina áður en ég hóf lesturinn hélt ég að hún væri skáldsaga. En bókin reyndist svo vera uppvaxtarsaga suður-afríska sjónvarpsmannsins og uppistandarans Trevors Noah. Þetta er mjög áhugaverð bók um aðskilnaðarstefnuna og þær breytingar sem verða í Suður-Afríku eftir afnám hennar.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ætli það séu ekki nótnabækur! En án gríns þá eru það ljóðabækur. Ég les mest nútímaljóð og á dágott safn af ljóðabókum. Mér finnst nóvellu formið líka mjög skemmtilegt og held til dæmis mikið upp á *Sandárbókina*, *Suðurgluggann* og *Sorgarmarsinn* eftir Gyrði Elíasson. Ljóðrænar bækur höfða meira til mín en mikil epík. Það er samt ekkert algilt í þessu. Bókin *Stoner* eftir bandaríska höfundinn John Williams er mjög epísk en hafði mikil áhrif á mig þegar ég las hana í fyrra. William Stoner er fátækur bóndasonur í Bandaríkjunum sem kemst til mennta og verður seinna háskólakennari. Hann lifir í ástlausu hjónabandi og nær ekkert mjög miklum frama innan háskólans. Galdur bókarinnar felst í næmi höfundarins fyrir persónunni, sem þrátt fyrir sitt fábreytilega og sumir myndu segja sorglega líf, deyr nokkuð hamingjusamur. Það sem heillaði mig við bókina er hvernig höfundi tekst að vekja samlíðun lesandans með þessum litlausa karakter. Sennilega höfða þó mest til mín bækur sem fá mig til að ferðast í huganum til annarra landa og heimsálfa til að hitta sögupersónur sem fá mig til að sjá heiminn á örlítið annan hátt.

Hvernig lestraruppeldi fékkstu?

Pabbi var meira í því að segja okkur sögur og kenna okkur vísur og kviðlinga. Mamma las svo fyrir okkur þýskar barnabækur. Af þeim bókum sem ég ólst upp við er *Der Struwwel Peter* eftir Heinrich Hoffmann mjög eftirminnileg en hún væri eflaust bönnuð börnum í dag. Uppeldisaðferðir í þeirri bók eru nokkuð öfgakenndar. Þegar ég fór sjálf að lesa las ég alls konar stelpubækur eins og Öddu bækurnar, Fimm bækurnar og Ævintýrabækurnar. Á unglingsárunum man ég vel eftir bókunum um Patrick eftir K. M. Peyton sem Silja Aðalsteinsdóttir þýddi og las í útvarpinu. Patrick þessi var mjög efnilegur pianóleikari en átti í talsverðum vandræðum með sjálfan sig. Ég hlustaði ýmist á lesturinn í útvarpinu eða las sjálf bækurnar um þennan músíkalska sjarmör.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég les oftast á kvöldin áður en ég fer að sofa og ef ég klára bók án þess að vera búin að finna mér nýja til að lesa þá líður mér dálítið illa. Mér finnst fátt betra á sunnudagsmorgnum en að liggja uppí rúmi með góða bók.

Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?

Ég held mest uppá ljóðskáldið Pablo Neruda frá Chile. Pablo

Elín Gunnlaugsdóttir.

Neruda hittir einhvern veginn alltaf naglann á höfuðið í sínum ljóðum. Ég lærði meira að segja spænsku til að geta lesið hann á frummálinu. Ég mæli með ljóðabókinni *Bók spurninganna* eftir hann. Á seinustu árum hef ég lesið nokkrar bækur eftir Kazuo Isiguro sem er breskur rithöfundur af japönskum ættum. Í bókum hans blandast austrið og vestrið saman á heillandi hátt. Smásögur kanadíska höfundarins Alice Munro eru líka feyki góðar. Þá er eiginmaður minn Bjarni Harðarson vitanlega líka einn af mínum uppáhaldshöfundum. Ég held sérstaklega uppá bókina *Mörð* sem er um Mörð Valgarðsson þar sem hann liggur banaleguna og fer yfir líf sitt. Þá mæli ég líka með bókinni *Í Gullhreppum* sem er um prestinn Þórð í Reykjadal sem uppi var á 18. öld og var nokkuð skrítin skrúfa.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já margoft. En ég verð líka syfjuð af því að lesa leiðinlegar bækur.

En að lokum Elín, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Þegar ég var yngri dreymdi mig um verða rithöfundur. Þegar ég var unglingur og fram á fullorðinsár skrifaði ég ljóð sem birt voru í skólablöðum og nokkur þeirra náðu meira að segja að birtast í Lesbók Morgunblaðsins. Þegar ég fór í tónsmíðanám þá tóku tónsmíðarnar yfir og ég næ að túlka mína ljóðrænu þanka í gegnum þær. Ég held samt að ef ég myndi skrifa bók þá myndi ég reyna að hafa hana dálítið fyndna og absúrd. Jafnvel bók sem fólk yrði að lesa afturábak eða standandi á haus.

Nýr prestur í Selfosskirkju

Umsóknarfrestur um starf prests í Selfossprestakalli, rann út á miðnætti þann 6. febrúar. Alls sóttu sex um starfið. Kjörnefnd kaus sr. Gunnar Jóhannesson til starfans og hefur biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, staðfest ráðningu hans. Í samræmi við þær breytingar sem nú hafa orðið á starfsmannamálum þjóðkirkjunnar er sr. Gunnar ráðinn ótímabundið í starfið með hefðbundnum uppsagnarfresti.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að niðurstaða um ráðningu liggur fyrir. Í Selfossprestakalli, eru fjórar sóknir, hver með sína sóknarkirkju, þ.e. Selfosssókn, Laugardælasókn, Hraungerðissókn og Villingaholtssókn. Selfossprestakall tilheyrir tveimur sveitarfélögum, Árborg og Flóahreppi, með tæplega 10.800 íbúa, þar af 9.246 sóknarbörn.

Sr. Gunnar Jóhannesson.

Eftirtaldar stöður eru til umsóknar við Laugalandsskóla í Holtum, Rangárþingi ytra, skólaárið 2020-2021

LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM

Staða aðstoðarskólastjóra
Kennsluréttindi, hæfni í mannlegum samskiptum og víðtæk reynsla af kennslu á grunnskólastigi eru nauðsynleg. Kennsluskylda aðstoðarskólastjóra er 16 tímar. Ákjósanlegar kennslugreinar eru íslenska og stærðfræði á elsta stigi. Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja menntun og reynslu af stjórnun.

Staða umsjónarkennara á yngsta stigi
Staða umsjónarkennara á yngsta stigi, ásamt kennslu í íþróttum og tónmennt.

Staða kennara í íslensku
Staða kennara í íslensku á yngsta og elsta stigi.

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum sem geta unnið með okkur að einkunnarorðum skólans; „samvinna, traust og vellíðan í leik og starfi“. Þar er lögð áhersla á sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð, með sérstakri áherslu á félagsþroska nemenda. Kennsluréttindi og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynleg.

Laugalandsskóli er í um 90 km fjarlægð frá Reykjavík í fögru umhverfi í Holtum. Þar eru margvísleg tækifæri til þess að njóta útiveru og náttúru. Leikskóli er rekinn á Laugalandi og öll venjuleg þjónusta er á Hellu. Húsnæði á staðnum og/eða í nágrenni.

Umsóknarfrestur er til 27. mars 2020.

Veffang: http://www.laugaland.is
Netfang: laugholt@laugaland.is

Upplýsingar veitir skólastjóri í vs. 487 6540 og gsm. 896 4841.

HEILSUHORN HSU

Ónógur svefn barna og unglinga hefur neikvæð áhrif á líf þeirra

Fylgið útivistarreglum

Yngstu skólabörnin þurfa u.þ.b. 9 klst. svefn yfir nóttina. Unglingar þurfa u.þ.b. 10 klst. svefn yfir nóttina. Að sofa á daginn kemur ekki í staðinn fyrir tapaðan nætursvefn. Lengd og gæði nætursvefns hefur áhrif á námsgetu og minni. Úrvinnsla úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið yfir daginn fer fram í svefni. Svefninn er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska barna og unglinga.
Góður svefn er öllum lífsnauðsynlegur til að geta tekist á við viðfangsefni dagsins. Yngstu skólabörnin þurfa að sofa í kringum 9 tíma á nóttu en þegar komið er fram á unglingsárin eykst svefnþörfin um u.þ.b. klukkustund vegna þess aukna álags sem fylgir gelgjuskeiðinu.
Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að lengd og gæði nætursvefns hefur áhrif á námsgetu og minni. Í svefni er verið að rifja upp og vinna úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið yfir daginn, þessar upplýsingar festast í minninu. Ónæmiskerfið virkjast þegar við sofum og því er svefninn nauðsynlegur til að auka mótstöðu gegn veikindum og fyrir vöxt og þroska unglingsins. Á unglingsárunum eiga sér stað miklar hormónabreytingar í líkamanum. Mikill hluti þeirra hormóna framleiðir líkaminn á næturnar og er sú framleiðsla háð góðum nætursvefni. Að sofa á daginn kemur því ekki í staðinn fyrir tapaðan nætursvefn.

Góðar svefnvenjur barna og unglinga stuðla að hamingjusamara lífi, meiri ábyrgð á heilsunni, hollari matarvenjum, færni til að takast á við streitu og auka líkurnar á reglulegri hreyfingu.

Nokkur einföld ráð fyrir foreldra sem komið geta að notum við að hjálpa börnum og unglingum að ná betri nætursvefni

1. Koma á reglulegum svefntíma þ.e. sofna og vakna á svipuðum tíma á hverjum degi. Ef börn og unglingar fá nægjanlegan svefn á virkum dögum þurfa þau ekki að sofa lengur um helgar.
2. Ef börn og unglingar eru mjög þreytt á daginn þá getur hjálpað að fá sér stuttan lúr. Þó ekki lengur en klukkustund, þá gæti það reynst þeim erfitt að sofna á kvöldin.
3. Fylgið útivistarreglum alla daga vikunnar því þær taka mið af svefnþörf barna. Gott er að börn og unglingar hafi tíma til rólegrar stundar áður en þau fara í rúmið.
4. Takmarka tölvunotkun og sjónvarpsáhorf seint á kvöldin. Bæði sjónvarp og tölvuleikir örva heilann og trufla þannig svefn.

5. Gott samband foreldra við börn og unglinga stuðlar að góðri líðan. Áhyggjur og streita geta valdið ónógum nætursvefni. Með því að vera í góðu sambandi við börnin og unglingana og reyna að skilja tilfinningar þeirra og líðan getum við stuðlað að aukinni hugarró og betri líðan hjá þeim.
6. Dagleg hreyfing og hollt mataræði er gott bæði fyrir svefninn og heilsuna. Hvetjið börn og unglinga til að stunda íþróttir eða daglega hreyfingu í frítímanum. Ekki er gott að borða þunga fæðu eða sykur fyrir svefninn.

Gott fordæmi eykur áhrif góðra ráða.

F.h Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Jónína Lóa Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, Heilsugæslustöð Selfoss.

Lóan er komin að kveða burt snjóinn

Í kvæðinu um lóuna segir að hún komi að kveða burt snjóinn. Það er ekki laust við að hún þurfi að kveða dálítið fast að orði því slíkur er snjóþunginn akkúrat núna. Það var athugunarmaður Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands sem heyrði í heiðlóunni rétt utan við Ósland á Höfn. Fram kemur í tilkynningu frá athugunarstöðinni að engar lóur hafi verið á Höfn eða nágrenni síðan í haust. Nokkrir fuglar eru taldir til viðbótar, en um 5-600 tjaldar eru á svæðinu Höfn - Berufjörður, yfir 2000 álftir, nokkrar grágæsir og 20 brandendur. Þá hefur rauðhöfðaöndum fjölgað og stelkar látið sjá sig. -gpp

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Jóakims Tryggva Andréssonar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fossheima fyrir kærleiksríka umönnun.

Sigríður A. Jónsdóttir
Andrés Yngvi Jóakimsson **Kristbjörg S. Richter**
Auðunn Ingi Jóakimsson **Hekla Sørensen**
Birkir Hrafn Jóakimsson **Jóhanna V. Ingvarsdóttir**
Víðir Örn Jóakimsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar Rangárþings ytra á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra, breyting á afmörkun frístundasvæðis
Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingar á afmörkun frístundasvæðis í aðalskipulagi í landi Jarlsstaða úr landi Stóru-Valla. Jafnframt verður lóðum fækkað úr 50 í 35. Sveitarstjórn telur að umrædd breyting falli undir skilgreiningu óverulegrar breytingar þar sem einungis er um breytingu á afmörkun núverandi frístundasvæðis að ræða. Breytingin felur ekki í sér meira rask á hraunsvæði en áður var gert ráð fyrir. Frístundasvæðinu hefur verið fundinn betri staðsetning að teknu tilliti til nálægðar við Rangá og umrædd breyting hefur engin áhrif á aðra en jarðareiganda.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488 7000 eða með tölvupósti á netfangið birgir@ry.is

" " " " " " " " " " " "

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028

Minna-Hof, Rangárþingi ytra, breyting á landnotkun
Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingar á skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á spildu úr landi Minna-Hofs þar sem núverandi landbúnaðarsvæði sem er u.þ.b. 110 hektarar að stærð verði gert að íbúðasvæði.

" " " " " " " " " " " "

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar sameiginlegar lýsingar að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028 samhliða lýsingum deiliskipulags.

Hella, iðnaðarlóðir við Dynskála, breyting á landnotkun ásamt breytingu í deiliskipulagi
Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingar á skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi ásamt breytingu í deiliskipulagi fyrir svæði austan við núverandi athafnasvæði við Dynskála á Hellu, þar sem núverandi óbyggt svæði verði skilgreint sem athafnasvæði í beinu framhaldi af núverandi athafnasvæði AT3. Stækkun nemur um einum hektara og verður svæðið því um 3,5 hektarar að stærð. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir lóðum, byggingarskilmálum, veitukerfum, gangstéttum, bílastæðum og götum. Byggingar geta verið á 1-2 hæðum. Gerð verði breyting á uppdrætti og í greinargerð deiliskipulags.

Hella, Miðbæjarsvæði, breyting á gatnakerfi ásamt breytingu í deiliskipulagi
Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingar á innra gatnakerfi Hellu á miðbæjarsvæði til að bæta umferðaröryggi svæðisins. Svæði undir bílastæði verði stækkað og lóðum fjölgað. Aðkomu að miðbæjarsvæðinu verði breytt. Gerð verði breyting á uppdrætti og í greinargerð deiliskipulags.

" " " " " " " " " " " " " "

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að deiliskipulagi

Hella, atvinnusvæði sunnan Suðurlandsvegar, Deiliskipulag
Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæði sunnan Suðurlandsvegar. Um er að ræða svæði austast í þéttbýlinu, verslunar- og þjónustusvæðið VÞ20, athafnasvæðið AT4 og iðnaðarsvæðið I26. Í deiliskipulaginu verða afmarkaðar lóðir, settir byggingarskilmálar og gerð grein fyrir götum, bílastæðum o.fl. Lýsingarnar liggja frammi hjá skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Lýsingarnar liggja frammi hjá skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn ábendingar eða gera athugasemdir við lýsingu og er frestur gefinn til og með 2. apríl nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488 7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

†

Elskulegur bróðir okkar,
frændi og vinur,

Jón Ingi Sigurjónsson
„Jonni“

frá Norðurkoti á Eyrarbakka lést laugardaginn 7. mars.
Vegna óviðráðanlegra aðstæðna fer
jarðarförin fram í kyrrþey.

Systkini, frænkur og aðrir aðstandendur.

Sveitarfélagið ÁRBORG

JÁKVÆÐNI METNAÐUR VIRÐING HEIÐARLEIKI
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
Stofnaður 1852

BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI

SKÓLAÁRIÐ 2020 – 2021

Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk og kennt er á *tveimur starfsstöðvum. Á Stokkseyri eru nemendur 1. – 6. bekk og á Eyrarbakka eru nemendur í 7.–10. bekk. Skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við heimilin.*

UMSJÓNARKENNARAR

Um er að ræða umsjónarkennara á yngra stigi. Tvær stöður eru til eins árs vegna fæðingarorlofs.
Aðrar eru til lengri tíma.

LIST- OG VERKGREINAKENNARAR

Um er að ræða smíðakennslu, textilkennslu og tónmenntakennslu.

NÁMSRÁÐGJAFI

Um er að ræða 50% stöðu námsráðgjafa.

Menntun og færnikröfur:

- Kennararéttindi eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Sértæk hæfni á grunnskólastigi
- Námsráðgjafaréttindi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði í starfi
- Áhugi fyrir teymiskennslu

Frekari upplýsingar veitir Magnús J. Magnússon, skólastjóri, símar 480 3200 og 893 2136.
Netfang: magnus@barnaskolinn.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2020

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans, www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is

Stóra ástin í lífinu

Charles de Gaulle

Charles de Gaulle er talinn einn merkasti maður Frakklands. Neitaði að gefast upp fyrir Hitler, leiddi andspyrnu Frakka í síðari heimstyrjöldinni og leiðtogi útlagastjórnarinnar. Var falið að endurskrifa stjórnarskrá Frakklands. Forseti Frakklands í áratug.

De Gaulle átti þrjú börn og þótti fjölskyldufaðirinn frekar fámáll og sinnulaus gagnvart fjölskyldu sinni. En allt var öðruvísi þegar kom að yngstu dótturinni Anne. Með henni var hann annar maður, söng, dansaði og fór í leiki. Það eru sögur af því þegar þau feðgin fóru í sínar reglulegu gönguferðir, gengu hönd í hönd um þorpið og spjölluðu saman.

De Gaulle, fór gegn hinni ríkjandi skoðun og yfirvöldum, neitaði að gefast upp. Barðist á móti þegar nasistar sóttu fötluð börn og börn með Downsheilkenni og myrtu í nafni þess að hreinsa mannkynið. Hann sameinaði þjóðina í andspyrnu gegn nasismanum.

Ævisöguritari de Gaulle, Jean Lacpunture hafði eftir forsetanum fyrrverandi: Án Anne hefði ég væntanlega aldrei getað afrekað það sem ég afrekaði. Hún gaf mér hjartað og innblásturinn sem ég þurfti.

Anne de Gaulle, fæddist í janúar 1928 og lést úr hvítblæði aðeins tvítug í febrúar 1948. Hún var jörðuð í kirkjugarðinum í Colombey.

Þann 22. ágúst árið 1962 var de Gaulle sýnt banatilræði. De Gaulle sagði frá því síðar að byssukúlan hefði stöðvaðist í ramma ljósmyndar sem hann hafði ávallt með sér hvert sem hann fór. Þennan örlagaríka dag var myndin aftan við hann í bílnum. Myndin í rammanum var af Önnu dóttur hans.

Þann 9. nóvember árið 1970 lést Charles de Gaulle. Hann hafði þá lagt fyrir skýr fyrirmæli um að hann vildi enga ráðherra eða önnur fyrirmenni í jarðarför sinni sem og hvar hann vildi hvíla.

Þessi umdeildi og merki maður var því jarðsunginn við fámenna athöfn í Colombey á meðan helstu þjóðarleiðtogar heimsins voru viðstaddir minningaratöfn um hann í Notre-Dame dómkirkjunni í París ásamt hundruðum þúsunda Frakka sem syrgðu fyrrum forseta sinn á götum úti. Minningarathöfn / jarðarför de Gaulle er fjölmennasta athöfn sinnar tegundar í sögu Frakklands.

Kirkjuklukkurnar í Notre-Dame dómkirkjunni í París slógu og frá fyrsta hljóm hljómuðu allar kirkjuklukkur Frakklands.

Undir klukknahljóm létu átta ungir menn kistu de Gaulle síga niður í látlausa gröf sem var við hlið hans heitt elskuðu dóttur Önnu í Colombey.

Báðar grafskriftir eins, aðeins nafn, fæðingar- og dánardagur.

Hann var þjóðhetja Frakka, hún var með Downs-heilkenni og hetjan hans.

Guðmundur Ármann,
Eyrarbakka.

Charles og Anne de Gaulle

Norma Elísabet Samúelsdóttir sýnir í Bókasafninu í Hveragerði

Opnuð hefur verið sýning á málverkum eftir Normu Samúelsdóttur á Bókasafninu í Hveragerði. Norma fæddist í Glasgow í Skotlandi árið 1945 íslenskri móðir og skoskum föður. Ársgömul flutti hún til Íslands og bjó lengstum í vesturbæ Reykjavíkur ásamt foreldrum, bræðrum og afa sínum. Norma hefur búið í Hveragerði frá árinu 2000 og hefur málað lengi. Hún er að mestu sjálfmenntuð en hefur sótt ýmis námskeið gegnum tíðina, m.a. hjá Mýrmann, Þuríði Sigurðardóttur, Katrínu Briem, Grétu Berg, Myndlistarskóla Reykjavíkur, Námsflokkum Reykjavíkur og FSu á Selfossi.

Norma hefur verið félagi í Myndlistarfélagi Árnessýslu frá árinu 2001. Hún er með vinnuaðstöðu í gamla barnaskólanum í Hveragerði ásamt fimm öðrum listamönnum. Auk þess að mála hefur Norma einnig gefið út fjölda bóka, síðast ljóðabókina *Maríuerlan eins og fiskur* árið 2016.

Sýningin mun standa út mars og er opin á sama tíma og bókasafnið, virka daga kl. 13-18:30 og laugardaga kl. 11-14.

Við höfum öll okkar Djöflaeyju að draga

Þótt það að færa skáldsögu á svið sé algengt verkefni íslenskra leikfélaga er ekki þar með sagt að slíkt sé einfalt. Málið flækist enn á ný þegar skáldsagan hefur áður verið aðlöguð formi í ógleymanlegri kvikmynd. Ekkert af þessu virðist þó trufla Leikfélag Selfoss, sem færir okkur Djöflaeyjuna, sem Einar Kárason færði í letur en er löngu orðin þjóðareign. Um er að ræða nýja leikgerð sem bætir einu lagi ofaná fyrri aðlaganir, en leikhópur og leikstjórinn, Rúnar Guðbrandsson, hafa sniðið að sínu formi og fólki, og gert það vel.

Trú sínum tíma

Djöflaeyjan er tímabilssýning eða það sem stundum er kallað perióda og afskaplega vel heppnuð sem slík. Leikmynd, sérlega vel hönnuð af Maríu Marko og Eyjólfi Pálmarssyni, og búningar eru laus við óþarfa og prjál en vel nýtt, kannski eins og braggarnir voru á sínum tíma? Eins þótti mér gott að hvergi skyldi blekkingin brotin með vísunum í nútímann, eins og tímabilssýningar freistast oft til að gera. Sýningin var trú sínum anda út í gegn og treysti áhorfendum sjálfum til að túlka og draga sínar ályktanir.

Óþarft ætti að vera að rekja söguþráð Djöflaeyjunnar fyrir nokkrum, ef fólk þekkir hann ekki fyrir verður upplifunin í Litla leikhúsinu bara ennþá betri. Íslenska fjölskylduharmsagan speglar Íslandsharmsöguna í sinni hreinustu mynd með eftirminnilegum persónum, atburðum, umhverfi. Og það er einmitt svo auðvelt að spegla sig, því öll eigum við svona fólk. Í svona stórri sýningu er erfitt að nefna einstaka leikara, en styrkurinn liggur einmitt í fjöldanum. Margar nafnlausar aukapersónur sem varla sjást nema í bakgrunni eða eiga stutta en áhrifaríka innkomu skapa tilfinningu fyrir bæjarbragnum, gestaganginum og þessum óstöðvandi straumi fólks sem þú veist ekki hvaðan kom eða hvert er að fara.

En samt vil ég nefna…

Þegar ég sá að Hafþór Agnar Unnarsson og Birta Sólveig Söring Þórisdóttir ættu að leika Badda og Gerði rifjaðist upp fyrir mér þegar Birgitta Haukdal og Jónsi Í svörtum fötum voru stórstjörnur og valin í hlutverk Sandy og Danny í Grease. Þessi tvö búa yfir ótrúlegri sviðsorku og útgeislun sem gæti fyllt mikið stærra svið en hér við Sigtúnið. Birta vex með hverri sýningu og skilar sakleysi og togstreitu án nokkurrar tilgerðar. Hún fær ekki margar línur fyrr en hún hefur upp raust sína í söng, sem kristallar bælinguna á mjög áhrifaríkan hátt. Hafþóri tekst einhvernvegin að rífa Badda úr klóm Baltasars og gera að sínum, háværum óþolandi sjarmör. Sérstaklega er textameðferðin hjá honum eftirminnileg þar sem sletturnar og stælarnir renna uppúr Badda algjörlega áreynslulast, hvort sem hann er allsgáður eða ekki. Nikulás Hansen Daðason skipaði síðan þriðja horn þríhyrningsins í hlutverki Danna. Einlæg og á köflum tær túlkun hans skapaði fullkomið mótvægi við töffarann Badda og hina barnalegu Gerði. Danni er í rauninni aðalpersóna verksins, þráðurinn sem bindur allt saman og varpar ljósi á hina íbua Thulekampsins. Samspil þessara þriggja gerði ástarþríhyrninginn óþægilegan og eftirminnilegan, eins og hann á að vera.

Önnur eftirminnileg pör setja svip sinn á sýninguna. Íris og Hannes Örn Blandon tróna yfir hópinn sem Tommi og Lína, reynslumikil og örugg. Sara Blandon skapar óbeislaða og orkumikla Dollí sem ber Gretti fullkomlega ofurliði, sem F. Elli Hafliðason dregur faglega fram úr skugganum í skemmtilegu samspili. Guðfinna Gunnarsdóttir er ógleymanleg í hlutverki Þórgunnar, uppfull af hráum sársauka í túlkun sem verður gróteskari eftir því sem sígur á ógæfuhliðina. Sögumennirnir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Hrefna Clausen og Kristín Þóra Albertsdóttir ramma sýninguna skemmtilega inn og er innkoma Kristínar Þóru þar sérstaklega áhrifamikil. Það er augljóst, eins og segir í leikskrá, að leikararnir hafa sjálfir legið yfir smáatriðum í persónusköpun og bakgrunni. Þetta skilar sér svo sannarlega og skiptir mál.

Að lokum verður að minnast á tónlistina sem að vanda er í lifandi flutningi. Guðný Lára Gunnarsdóttir og Stefán Örn Viðarsson halda þar um stjórnartaumana og tekst vel upp. Það eru hörkuraddir í leikhópinum sem fá að springa út en eins vinnur fjöldinn þarna með heildarmyndinni. Tónlistin er ekki bara veggur á sviðinu, heldur hvolfþak – sem á vel við.

Allt er aðlögun

Við erum nýlega búin að hlusta á fréttaflutning um fátækt á Íslandi. Þótt slík umfjöllun sé jafnan sláandi er því miður ekki um nýja bólu að ræða. Djöflaeyjan færir okkur aftur til fortíðar sem búið er að jafna við jörðu, en er því miður ekki eins horfin og ætla mætti. Kannski er aðlögunin sem ég nefndi í upphafi lykillinn að þessu öllu saman. Allt lagar sig að aðstæðum, hvort sem það er bók sem verður leikverk, drengur sem verður alkóhólisti eftir misheppnaða særingu eða kerling sem verður göldrótt þegar lífið fer um hana óblíðum höndum. Í Djöflaeyjunni sjáum við manneskjur eyðileggja hverja aðra, kynslóð fram af kynslóð, vegna þess að eitthvað annað og meira eyðileggur þau. Þegar upp er staðið er allt bara æviskeið sem tekur enda um leið og annað hefst. Það er hins vegar okkar að ákveða hvað við gerum við arfinn í beinunum þegar allt hefst að nýju. Þessi sýning á mikilvægt erindi við nútímann, á tímum verkfalla og veirusýkinga, því við erum ennþá öll á þessari Djöflaeyju.

Harpa Rún Kristjánsdóttir/ leiklist.is

Opnun tilboða í verkið -Útboð Kambaland 2020

Opnun tilboða í verkið „Útboð Kambaland 2020“ fór fram þann 4. mars s.l. Alls bárust 7 tilboð í verkið, eitt tilboðið var ógilt þar sem tilboðsblað vantaði. Kostnaðaráætlun verkfræðistofunnar Eflu var 85.550.305 kr. Lægstbjóðandi var Arnon ehf. með 78.282.350 kr. Hæsta tilboðið var frá fyrirtækinu Urð og grjót ehf. upp á 237.809.800 kr. Bæjarstjórn hefur samþykkt að taka lægsta tilboði frá Arnon ehf, enda uppfylli bjóðandi öll skilyrði úboðsgagnanna. *-gpp*

Hveragerðisbær – Skipulagsauglýsing

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. mars 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Ás- Grundarsvæðis í Hveragerði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er innan reits S3 í aðalskipulagi og afmarkast af Breiðumörk, Hverahlíð, Þverhlíð og Klettahlíð. Á svæðinu eru nú þjónustuíbúðir auk húsnæðis fyrir tengda starfsemi s.s. eldhús, samkomuhús o.fl. Tillagan felur í sér þéttingu byggðar á svæðinu s.s. nýja byggingarreiti fyrir hjúkrunarheimili og 7-10 þjónustuíbúðir.

Breytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og er þar til sýnis frá og með mánudeginum 23. mars 2020 til mánudagsins 4. maí 2020. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar, www.hveragerdi.is .

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi þriðjudaginn 5. maí 2020, annaðhvort á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

SS fremst fyrir bragðið Síðan 1907

Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli. Um mikilvæg störf er að ræða enda okkar verkefni að sjá til þess að landsmönnum skorti aldrei pylsur eða aðrar SS nauðsynjavörur á grillin og í ofninn. Heimili SS pylsunnar og fleiri gæðavara stendur sem sagt opið í sumar fyrir góðu fólki en þar starfar samhentur hópur starfsmanna sem tekur vel á móti sumarafleysingafólki. Ef þú ert 16 ára á árinu eða eldri og hefur áhuga á að taka þátt í að framleiða gæðamatvörur í sumar þá hvetjum við þig til að sækja um hjá okkur. Um vaktavinnu gæti verið að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS.

Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í síma 488 8200.

íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Tap í Hleðsluhöllinni

HANDBOLTI Selfoss tapaði í seinustu viku gegn Haukum með 10 mörkum, 25-35, þegar liðin mættust í Hleðsluhöllinni.

Jafnræði var á með liðunum í upphafi en um miðbik fyrri hálfleiks skellti markvörður Hauka í lás. Samhliða því fóru dauðafærin að enda í stöng eða framhjá og skoraði Selfoss eitt mark síðustu 13 mínútur hálfleiksins, staðan að honum loknum 8-15.

Selfyssingar byrjuðu síðari hálfleik illa og skoruðu gestirnir fyrstu þrjú mörkin. Eftir það má segja að leikurinn hafi fjarað út og kláruðu yngri strákarnir leikinn með sóma. Lokatölur 25-35.

Mörk Selfoss:Tryggvi Þórisson og Daníel Karl Gunnarsson 5, Einar Sverrisson 4/2, Haukur Þrastarson 4/1, Guðjón Baldur Ómarsson og Guðni Ingvarsson 2, Alexander Egan og Hergeir Grímsson 1. Varin skot: Alexander Hrafnkelsson 8 og Einar Baldvin Baldvinsson 7.

Selfoss er áfram í 5. sæti Olísdeildarinnar með 25 stig, tveimur sigrum á eftir Haukum og Aftureldingu þegar tvær umferðir eru eftir af deildarkeppninni en vegna samkomubanns er óljóst með lok deildarkeppninnar. *-sóh*

Tryggvi átti góðan leik gegn Haukum bæði í sókn og vörn. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE

Barbára í aðalhlutverki á La Manga

KNATTSPYRNA Selfyssingurinn Barbára Sól Gísladóttir var í aðalhlutverki með U19 ára landsliði Íslands sem tók þátt á æfingamóti á La Manga í byrjun mars.

Ísland vann alla þrjá leiki sína á La Manga, gegn Sviss, Ítalíu og Þýskalandi og gerði Barbára sér lítið fyrir og skoraði í þeim öllum. Þess má geta að þetta var fyrsti sigur U19 ára liðs Íslands gegn Þýskalandi í sögunni.

Clara Sigurðardóttir leikmaður Selfoss var einnig valin í hópinn fyrir mótið en varð að draga sig út úr hópnum vegna meiðsla.

Barbára (nr. 7) skoraði í öllum leikjum U19 ára landsliðsins á La Manga. Ljósmynd: KSÍ

Áhugaverð vinnustofa

RAFÍÞRÓTTIR Laugardaginn 4. mars var haldin hörku góð vinnustofa um rafíþróttir í samvinnu Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar. Fimmtán áhugasamir einstaklingar mættu á svæðið og þar af fulltrúar frá rafíþróttastarfinu hjá nágrönnum okkar í Þorlákshöfn.

Ólafur Hrafn Steinarsson hjá Rafíþróttasamtökum Íslands stýrði deginum. Dagurinn opnaði á áhugaverðum fyrirlestri Ólafs um rafíþróttir og starf í kringum þær með almennum hætti. Síðari hluti dagsins fór í að skoða starfið í meiri nærmynd og praktísk verkefni unnin.

Það er óhætt að segja að dagurinn hafi verið góður innblástur fyrir viðstadda enda gefandi að hlusta á fólk tala af ástríðu um áhugamálin sín.

Við hlökkum svo til að tala um næstu skref hjá okkur. *-áþg*

Ljósmynd: UMFS.

Tríóið f.v. Þorsteinn Aron, Anton Breki og Sigurður Óli við undirskriftina ásamt Dean Martin, þjálfara meistaraflokks karla. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Samið við þrjá leikmenn framtíðarinnar

KNATTSPYRNA Þrír ungir leikmenn skrifuðu undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss í vikunni. Þetta eru þeir Þorsteinn Aron Antonsson, Anton Breki Viktorsson og Sigurður Óli Guðjónsson.

Þetta er fagnaðarefni fyrir knattspyrnuna á Selfossi og verður gaman að sjá þá vaxa og dafna í vínrauðu treyjunni.

Menntandi gönguskíðamenning

SKÍÐI Á síðasta skólaári barst skólanum gönguskíði að gjöf til að efla iðkun og hreyfingu leik- og grunnskólanemenda. Það er óhætt að segja að þessi hugmynd hefur sannarlega þróast og orðið að ákveðinni menningu hér við skólann okkar, Bláskógaskóla Laugarvatni.

Eitt af markmiðum okkar í útinámi, sem er stór þáttur í okkar stefnu, er að efla þrautsegju nemenda og þekkingu á náttúru og lífríki í nærumhverfi skólans. Við færum þeim verkfæri til framtíðar sem viðkemur því að njóta ferska loftsins og náttúrunnar. Eftir vangaveltur um framhaldið og framtíðarsýnina vildum við efla gönguskíðaþáttinn enn frekar og leituðum því til þeirra félaga sem reglulega hvetja okkur áfram til góðra verka um styrk til að kaupa fleiri skíði. Eins og við vissum var stuðningurinn mikill og rausnarlegur og eigum við því „bekkjarsett“ af skíðum og nýtum þau vel og reglulega í hvers kyns samþættingu náms. Nemendur og kennarar hafa tök á því að fá lánuð skíði ef vill utan skólatíma.

Þau félög sem um ræðir eru: Kvenfélag Laugdæla, Lionsklúbbur Laugdæla og Ungmennafélag Laugdæla. Þökkum við hér opinberlega fyrir frábæra viðbót í öflugt starf.

Vissulega erum við heppin í okkar fallega umhverfi sem umlykur skólann sem sannarlega er hægt að segja að sé stór hluti af okkar lífsgæðum sem hér lifum og störfum. Þessi leið í kennslu skapar undrun og hvetur vissulega til farsældarmenntunar sem er mikivægt að horfa til í skólastarfi. Við sendum keflið áfram og viljum hvetja aðra til að efla heilbrigði, hreyfingu og gleði sem við sjáum að hefur aukist til muna.

Elfa Birkisdóttir,
skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni.

Tanja og Mads þjálfa Ísland

FIMLEIKAR Tanja Birgisdóttir og Mads Pind Lochmann Jensen þjálfarar hjá fimleikadeild Selfoss hafa verið ráðin sem landsliðsþjálfarar Íslands fyrir Evrópumótið í hópfimleikum sem fram fer í Danmörku í október 2020. Tanja mun þjálfa kvennalið Íslands en Mads blandað lið unglinga.

Við erum stolt af þessu vali og óskum þeim innilega til hamingju.

Frábær árangur á Arnold Classic

KRAFTLYFTINGAR Sigríður Sigurjónsdóttir íþróttakona frá Suðra á Selfossi keppti á Arnold Classic þann 8. mars sl.

Arnold Classic var með mjög breyttu sniði þetta árið vegna C-19 veirunnar og miklar varúðaráðstafanir gerðar til að minnka smitleiðir og auka öryggi keppenda og þeirra sem aðgang höfðu að keppnishöllinni.

Að þessu sinni var ákveðið að aflýsa mörgum keppnisgreinum á mótinu og takmarka aðgang að keppnum þannig að í raun voru það aðeins keppendur, þjálfarar, fylgdarmenn og aðstandendur sem höfðu grænt armband sem fengu aðgang.

Eins og einn starfsmaður mótsins sagði við mig, það eru ca. 200.000 manns færra hérna á svæðinu en er öllu jafna og það segir sitt.

Auðvitað kom Arnold Schwarzenegger sjálfur í keppnishöllina, spjallaði við keppendur og aðra sem í höllinni voru og var ánægður með hvað allt fór vel fram á mótinu, hann kom inn á stöðu mála í heiminum og sagði að minnstu munaði að öllu mótinu hefði verið aflýst.

Sigríður fór ásamt aðstoðarkonu sinni Vilhelmínu S. Smáradóttur í þetta skemmtilega ferðalag sem hófst miðvikudaginn 4. mars og heimkoma var þriðjudagurinn 10. mars.

Ferðalagið til Columbus í Ohio var u.þ.b. 15 tímar í heildina en leið hratt og gekk

vel. Fyst var flogið til Washington og þaðan eftir nokkra klst. bið til Columbus Ohio.

Komið var á leiðarenda um miðnætti og því gekk furðu vel að stilla líkamsklukkuna því það var farið strax að sofa enda klukkan fimm á íslenskum tíma.

Strax fyrsta morguninn og alla daga fram að keppni var farið í Powerhouse líkamsræktina en mikilvægt var að koma flugþreytunni burt og virkja vöðvana fyrir átök sunnudagsins.

Dagarnir fyrir keppni voru notaðir í uppbyggingu, skoða sig um í borginni og taka því rólega, horfa á Hafþór Júlíus keppa ásamt fjölskyldu hans í áhorfendastúkunni og vera í góðra vina hópi.

Allir keppendur innan raða fatlaðra, aðstoðarmenn og stjórnendur fóru saman út að borða í boði mótsins. Þarna kynntust allir mjög vel og mynduðust sterk vinabönd sín á milli sem eiga eftir að vera ævilöng. Margir þessara keppenda munu koma til Íslands fyrstu helgina í júni og keppa á alþjóðlegu móti þ.e. Viking Strength Challange sem haldið hefur verið samhliða Víkingahátíðinni í Hafnarfirði ár hvert en þar munu fatlaðir sem og ófatlaðir takast á og keppa í aflraunum. Að þessu sinni er verið að vinna að skipulagningu keppninnar en af mörgum óviðráðanlegum ástæðum er möguleiki á að einhverjar breytingar verða að þessu sinni.

Sigríður varð í 3. sæti í standandi flokki 1 innan raða fatlaðra á Arnold Classic-Strongman.

Hún sigraði eina grein af þremur með miklum yfirburðum og bætti sitt eigið met þegar hún tók 11 lyftur í réttstöðu með 130 kíló.

Hún stóð sig einnig vel í hinum tveimur greinunum þrátt fyrir að vera ekki með eins mikla æfingu í þeim. Þess má geta að þetta er aðeins annað mótið sem Sigríður tekur þátt í aflraunum og það fyrsta á erlendri grundu. Frábær frammistaða í alla staði.

Keppendur innan fatlaðra hafa misjafnan bakgrunn og margar ástæður eru fyrir fötlun þeirra. Þarna eru margir einstaklingar sem hafa orðið fyrir slysi, útlimamissi vegna veikinda, eru blindir eða sjónskertir, með þroskaskerðingu eða hreyfiskerðingu af ýmsu tagi allt frá fæðingu en láta ekkert af þessu stoppa sig.

Á þessu móti lærðum við mikið og sáum að þarna eru óteljandi möguleikar og ekkert sem getur komið í veg fyrir að þeir sem vilja og hafa áhuga geti tekið þátt.

Æfingarnar eru einstaklingsmiðaðar þannig að allir keppa við sína jafningja og keppnin oftar en ekki hörð og spennandi.

Skemmitleg, áhugaverð og lærdómsrík keppnisferð í alla staði.

En þá má ekkert slá slöku við hjá Sigríði því núna hefst undirbúningur fyrir Sterkustu fötluðu konu Íslands og Viking Strength Challange en síðan er það Heimsmeistaramótið sem haldið verður í Þýskalandi í ágúst.

Takk fyrir stuðninginn!

Sigríður Sigurjónsdóttir þakkar fyrir frábæran stuðning! Einstaklingar sem og fyrirtæki og félagasamtök styrktu þessa ferð, án ykkar allra hefði þessi ferð aldrei geta orðið að veruleika.

Þeir sem styrktu Sigríði:

Vetrarleikar FSu 2020

HESTAÍÞRÓTTIR Vetrarleikar FSu voru haldnir þann 19. febrúar síðastliðinn. Fyrsta árs nemar af hestabraut FSu sáu um að halda mótið á félagssvæði Sleipnis á Selfossi. Keppt var í tveimur greinum, töltkeppni og mjólkurtölti. Áætlað var að halda einnig kappreiðar en vegna veðurs og færðar var það því miður fellt niður. Góð þátttaka var á mótinu í báðum greinum og heppnaðist mótið vel. Nóg var af verðlaunum svo að allir þátttakendur voru settir í happdrætti og hlutu þátttökuverðlaun.

Úrslit mótsins voru með þessum hætti:

Töltkeppni: 1. Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir og Skálmöld frá Eystra-Fróðholti, 2.Thelma Dögg Tómasdóttir og Taktur frá Torfunesi, 3. Kristín Hrönn Pálsdóttir og Gaumur frá Skarði.

Mjólkurtölt: 1. Kári Kristinsson og Hrólfur frá Hraunholti, 2. Þórey Hekla Ægisdóttir og Gná frá Egilsstaðakoti, 3. Sunna Lind Sigurjónsdóttir og Skjálfti frá Efstu-Grund.

Veitt voru verðlaun fyrir efnilegasta parið og hlutu þau Katrín Ósk Kristjánsdóttir og Höttur frá Austurási farandgrip sem gefinn var af Dimmuborg. Einnig voru reiðmennskuverðlaunin veitt í boði hestavöruverslunarinnar Baldvin og Þorvaldur og hlaut Thelma Dögg Tómasdóttir glæsilegt höfuðleður og nasamúl.

Gleðin í fyrirrúmi í Mosfellsbæ

HANDBOLTI Stelpurnar í 8. flokki fóru á skemmtilegt handboltamót í Mosfellsbæ í febrúar. Stelpurnar stóðu sig virkilega vel og var gleðin að sjálfsögðu í fyrirrúmi.

Ljósmyndir frá foreldrum og þjálfurum Umf. Selfoss.

Selfoss 4

Selfoss 3

Selfoss 1

Selfoss 5

Selfoss 2

Stígar í Árborg 2020 – opnun tilboða

Á fundi Eigna- og veitunefndar Árborgar var tekið til afgreiðslu tilboð sem bárust í verkið „stígar í Árborg 2020. Alls buðu átta aðilar í verkið. Kostnaðaráætlun frá verkfræðistofunni Eflu hljóðaði upp á alls 35.579.000 kr. Lægstbjóðandi var Borgarverk með 31.402.000 kr. Hæst bauð í verkið fyrirtækið Urð og grjót ehf. með 39.998.000 kr. Nefndin hefur falið sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs að ganga til samninga við lægstbjóðanda svo fremi sem þeir uppfylli kröfur útboðsgagna. *-gpp*

Opið bréf til bæjarstjórnar Árborgar

Sælt veri fólkið. Mig langar til að deila með ykkur eftirfarandi.

Ég er íbúi í Árborg (a.m.k er mér sagt það) áður íbúi í Sandvíkurhreppi hinum forna en mér líður eins og ég sé eitt af óhreinu börnum Evu og er búið að líða þannig lengi.

Förum aftur í tímann, þegar til stóð að sameina sveitarfélögin þá reyndum við í Sandvíkurhreppnum að fá fund um hvernig ætti að standa að þessu en fátt var um svör. Til dæmis spurðum við hvort rotþrær yrðu tæmdar hjá okkur en svarið var að við mættum nú þakka fyrir að þurfa ekki að borga holræsa-og gatnagerðargjöld en þess ber að geta að þetta voru ekki núverandi ráðamenn.

Þess ber einnig að geta að á þessum tíma vorum við ásamt fleiri íbúum hreppsins búin að kaupa rotþró, malbika og leggja ljósastaura við heimreið á eiginn kostnað.

Rafmagn: Við þurfum að borga hærra verð fyrir rafmagn því Rarik á okkur víst en í þéttbýli er það HS-veitur.

Hjólastígar: Í upphafi sameiningar var talað um að tengja allt svæðið með hjólreiðastígum, það gengur andskoti hægt hér. Á Selfossi sér maður að upp spretta malbikaðir hjólastígar, götur og götulýsing áður en fólk flytur í hverfið en hér er manni talin trú um að jarðvegurinn þurfi að síga í mörg ár áður en malbikað er. Þarf ekkert að síga á Selfossi? Ég byrjaði að hjóla hér á malarvegum, síðan kom malbik sem var mikill munur en nú hefur umferðin aukist alveg gífurlega svo maður er í sífelldri lífshætttu.

Strætisvagn: Þegar strætó fór að ganga þá hljóðaði auglýsingin svona: „og að sjálfsögðu mun strætó stoppa í Tjarnarbyggð á báðum leiðum“ en þegar ein nágrannakona mín, sem býr í Sandvík og þar er nú hálfgert þéttbýli, hringdi og spurði hvað íbúar í „gamla hreppnum“ ættu að gera þá var henni sagt að við yrðum að panta far kvöldinu áður.Veit ekki hvort svo er ennþá.

En þá tók nú steininn úr þegar kom að ljósleiðara þá kom nú heldur betur í ljós sú mismunun sem er í sveitarfélaginu.

Íbúar í Tjarnarbyggð og Byggðarhornsbyggð þurfa ekki að borga frekar en íbúar á Selfossi Stokkseyri eða Eyrarbakka en allir aðrir þurfa að borga 250 þús. Fossmúli sem er nú eiginlega innan Selfoss, Stekkar og Sandvíkurbæirnir, já og Geirakot eru steinsnar frá lögninni sem Míla lagði niður í Tjarnarbyggð. Nú var verið að tengja inn í hús hjá okkur (.m.k hálfu ári eftir að reikningur 250 þúsund kom inn á heimabankann hjá okkur) og það gekk ekki þrautalaust. Það komu hér 3 menn frá TRS á fimmtudegi en þegar þeir voru búnir að gera sitt þá virkaði ekkert, þá þurfti að sækja um leyfi hjá Gagnaveitunni til að skoða tengingu í kassa út við veg. En þeir eiga kassann. Á mánudegi komu svo menn frá fyrirtæki á vegum Gagnaveitunnar frá Reykjavík og í ljós kom að þeir höfðu gleymt að tengja í kassanum.

Veit ekki einhver um leið til að gera þetta örlítið flóknara, já og dýrara? Ja maður spyr sig.

En ég spyr ykkur í bæjarstjórn hvernig var valið hvaða fyrirtæki fengi verkið, var þetta boðið út? Hvað réði því að ekki var samið við Mílu um að nota lögnina sem fyrir er og hver ákvað hver ætti að borga og hver ekki? Var það bæjarstjórnin eða var það Gagnaveitan? Þegar við áttum kindur þá var það erfið ákvörðun að velja líflömb eða öllu heldur hver ætti að deyja. Þar réðu erfðaþættir, svo sem frjósemi, útlit, mjólkurlagni og júgurstæði móður og fl. og fl. Ég geri ekki ráð fyrir að þið notist við þá aðferð, og ekki voru það póstnúmerin, 801 er líka í Tjarnarbyggð og Byggðarhorni svo hvað réði hverjum ætti að „slátra“. Er einhver heimild í lögum um að það megi mismuna þegnum sem búa í sama sveitarfélagi?

Í ljósi alls þessa þá myndi ég ekki ráðleggja nokkru fámennu sveitarfélagi að sameinast fjölmennu.

Mín upplifun er sú að Sandvíkurhreppur hafi klemmst á milli Selfoss og strandar.

En svo allrar sanngirni sé gætt þá er hitaveitan á sama verði í allri Árborg (en ég held ég megi fullyrða að hún var dýrari hjá okkur fyrst eftir sameiningu).

Fasteignagjöld veit ég ekki annað en sé sama prósenta hjá öllum en það er lægra fasteignamat (og fasteignaverð) utan Selfoss.

Ég mun því óska eftir að fá endurgreiddar þessar 250 þúsund krónur á grundvelli jafnréttislaga.

Með kveðju, Margrét Helga Steindórsdóttir, Stekkum í fyrrum Sandvíkurhreppi nú í Árborg.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Ferskar fréttir á hverjum degi! Kíktu við!

Út í geim og heim aftur

Alexander Freyr Olgersson, tónlistarmaður á Selfossi vinnur um þessar mundir að skemmtilegri barnaplötu sem mun fá nafnið *Út í geim* og heim aftur. Um er að ræða 14 laga plötu sem er með leikþáttum inni á milli. Leikþættirnir og lögin vefjast svo saman og tengjast í heila sögu. „Mig hefur dreymt um að gera barnaplötu frá 2010. Í sumar vorum við svo á ferðalagi og spiluðum niður úr öllum barnaplötunum. Ég sá að það vantaði eitthvað nýtt og ferskt.“

Undir áhrifum frá níunda áratugnum

„Sagan fjallar um ofurstrákinn Ofur-Ólaf og geimstelpuna Geim-Gerði. Þau eru kölluð á plánetuna og konungsríkið „Ruglumbull“ til þess að stöðva illmennið Demónus Þumaltröll. Hann er búinn að taka yfir kóngsríkið og heldur þegnum þess í gíslingu,“ segir Alexander um söguþráðinn. Alexander segir að platan sé popp/rokk með miklum áhrifum frá níunda áratugnum. „Markmiðið er að platan verði skemmtileg fyrir fullorðna og börn. Hún er uppbyggileg að auki og tekur á ýmsum þemum eins og vináttu, heiðarleika, varnarleysi og tilfinningum“. Hvernig er að sjá verkefnið sitt lifna við og verða gætt lífi? „Það er alveg magnað að sjá þetta lifna við. Þetta fer frá því að vera eitthvað lítið og innihaldslaust yfir í meira og stærra. Maður sér þetta vaxa og nú er komin góð mynd á þetta. Þetta er dálítið eins og að byggja hús.“

Mikilvægt að fá sem flesta að verkefninu

Platan er eins og áður sagði sambland af tónlist og leikþáttum. Alexander sagði að hann hefði langað til að blanda þessum formum saman. „Mig langaði til að hafa persónur og heildarsögu þannig að öll lögin tengist og leikþættirnir á milli líka. Þó ég spili megnið af tónlistinni sjálfur hef ég fengið fullt af frábæru tónlistarfólki og leiklistarfólki til að aðstoða mig við gerð hennar. Það eru svo eiginlega bara Sunnlendingar sem koma að plötunni.“ Þá segir Alexander að það sé honum mikilvægt að sem flestir geti komið að verkefninu. Þá hafi þeir sem komi að þessu tækifæri á að taka þátt í svona vinnu og eigi möguleika á að koma sér á framfæri í gegnum plötuna. „Það er gaman að gefa ungu fólki tækifæri.“

Verkefnið ryður brautina fyrir fleiri verkefni

Að ráðast í það að gera heila plötu, vinna hana sjálfur og gera allt sem því viðkemur hlýtur að vera viðamikið verkefni. Við spyrjum Alexander aðeins út í það. „Ég er búinn að vera tónlistarmaður, eða kalla mig tónlistarmann í sjö ár. Mig langaði til að taka allt ferlið. Taka upp tónlist, mixa og mastera og gefa út og auglýsa. Í rauninni til að ryðja brautina fyrir sjálfan mig. Þetta vindur svo vonandi eitthvað upp á sig.“

Viðtökurnar góðar

„Ég er ekkert búinn að gefa þetta út ennþá, en þeim sem ég sýni þetta líkar vel við efnið. Ég er með þetta á Karolinafund og þar hefur söfnunin gengið vel.“ Hægt er að kaupa ýmsar vörur af Alexander á Karolinafund og leggja til pening. Í staðinn getur fólk fengið plötuna senda þegar hún verður klár, fengið bol með lógói verkefnisins og fleira. Við hverjum áhugasama til að kíkja á Karolinafund og finna Alexander þar inni og styrkja verkefnið. *-gpp*

Garðyrkjufulltrúi ráðinn til Hveragerðisbæjar

Í fundargerð bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar kemur fram að búið sé að ráða Kristínu Snorradóttur sem garðyrkjufulltrúa Hveragerðisbæjar. Ráðningin tekur gildi þann 1. apríl 2020 og fram til 1. október 2021. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt breytingar á skipuriti og starfslýsingum en garðyrkjufulltrúinn mun heyra beint undir bæjarstjóra. *-gpp*

BUXNADAGAR
20-50% AFSLÁTTUR
Við sendum frítt heim til þín!
Opnum endurbætta vefverslun 19. mars.
tiskuverslun.is
LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Aukið fjármagn til ferðamannastaða í þjóðskógunum

Stærstu styrkirnir til verkefna á vegum Skógræktarinnar renna til framkvæmda og viðhalds á Þórsmörk og Goðalandi. Þar hafa verið þróaðar aðferðir til að útbúa vönduð stígamannvirki sem falla vel að landinu og verja það fyrir álagi vegna ferðamannastraums. Íslenskt timbur er mikið notað í mannvirkin. Ljósmynd: Pétur Halldórsson

Frá vígslu þjónustuhúss í Laugarvatnsskógi.

Í þriggja ára verkefnaáætlun um uppbyggingu innviða til ferðamannastaða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum renna alls 95,6 milljónir króna til verkefna í þjóðskógum árin 2020-2022. Stærstu verkefnin eru í viðhald gönguleiða í Þórsmörk og Goðalandi, en nýtt þjónustuhús og eldaskáli í Vaglaskógi hlýtur einnig drjúgan styrk.

Lögð hefur verið fram ný framkvæmdaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sem gildir til og með árinu 2022. Þar er gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á þessum tíma.

Alþingi samþykkti árið 2018 þingsályktun um slíka landsáætlun til ársins 2029. Ráðherra umhverfismála setti fram stefnumótandi áherslur um að sinnt skyldi sérstaklega friðlýstum svæðum, hlúð að svæðum sem væru undir miklu álagi vegna ferðamanna, að landvarsla skyldi efld og leiðir útfærðar sem stýrt gætu umferð ferðamanna í þágu verndar náttúru og minja. Jafnframt skyldi stuðlað að aukinni fagmennsku, vandaðri hönnun og unnið að framtíðarsýn ásamt samræmingu og samhæfingu þeirra sem að vernd náttúru og minja starfa.

Framlög til verkefna í þjóðskógunum

Á árinu 2020 er samkvæmt áætluninni til ráðstöfunar rúmur milljarður króna. Alls hljóta verkefni á vegum Skógræktarinnar 95,6 milljónir króna úr verkefnaáætluninni árin 2020 til 2022. Eru þetta svipaðar upphæðir og fengist hafa á síðustu árum til sambærilegra verkefna.

Til þjónustuhúss og eldaskála í Vaglaskógi er úthlutað 35 milljónum króna árin 2020-2021. Hönnun hússins er að mestu lokið og er stefnt á að hefja framkvæmdir þegar snjóa leysir og má búast við að byggingu hússins verði að miklu leyti lokið haustið 2021. Þetta verður svipuð bygging og reist var eftir verðlaunatillögu í Laugarvatnsskógi og þykir hafa tekist vel. Eins og í Laugarvatnsskógi verður byggingin í Vaglaskógi reist úr íslensku timbri. Hún bætir mjög aðstöðu gesta í skóginum, ekki síst hópa sem þangað koma.

Viðhald og uppbygging gönguleiða í Haukadalsskógi og tenging við Geysissvæðið fær einnig framlag úr áætluninni árið 2022. Sem kunnugt er liggur nú fyrir til umsagnar tillaga til friðunar Geysissvæðisins sem snertir þjóðskóginn í Haukadal lítillega. Betri tenging milli Geysissvæðisins og Haukadalsskógar og betrumbætur á gönguleiðum bætir aðgengi að skóginum og stuðlar jafnframt að vernd svæðisins.

Við Hjálparfoss verður áfram unnið að bættri aðstöðu. Þegar hefur mikið verið unnið undir stjórn Skógræktarinnar að aðgerðum til að draga úr álagi af ferðamannastraumnum en eftir er að gera aðstöðu fyrir ferðafólkið við fossinn viðunandi. Gerð salernisaðstöðu er í lokafrágangi, en einnig verður unnið að viðhaldi gönguleiða og aðstöðu. Verður einni milljón veitt til verkefnisins í ár og næsta ár.

Sömuleiðis verður unnið að uppbyggingu og viðhaldi gönguleiða í þjóðskóginum á Laugarvatni og í skógarreitnum við Systrafoss á Kirkjubæjarklaustri. Til þessara verkefna er úthlutað einni milljón á hvorn stað árin 2020 og 2021.

Stærsta úthlutunin til verkefna í umsjón Skógræktarinnar er svo til ýmissa verkefna í Þórsmörk og Goðalandi. Þar verður áfram unnið að því að bæta merkingar og eins og venjulega verður líka unnið við ýmsar nýframkvæmdir á gönguleiðum, viðhald eldri stígamannvirkja og verkefni sem stuðla að því að vernda landið rofi vegna álags af ferðamönnum. Til þessara verkefna er varið 15-17 milljónum króna árlega árin 2020-2022.

Texti: PH – skogur.is.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sterkur sunnlenskur auglýsingamiðill í yfir 50 ár.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

Klettur ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB Skálinn
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

TUNGUMÁL

Spænskumælandi óskast
Sértu spænskumælandi borga ég 20.000 kr. fyrir eitt símtal til Spánar. Upplýsingar í síma 483 3568.

ÞJÓNUSTA

BR Flutningar
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

KIRKJUR

Aðventistar
Laugardaginn 21. mars 2020 verður lokað í safnaðarheimili aðventista á Eyravegi 67. Samkomuhald er í Aðventkirkjunni, Ingólfsstræti 19, Reykjavík, en við bendum á að hægt er að fylgjast með á Youtube og velja Adventkirkjan. Samkoma byrjar kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Borðhald eftir guðsþjónustu fellur niður. Velkomin.

NÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir þig!
Torf og grjóthleðsla
8.-9. maí hjá
LbhÍ á Reykjum í Ölfusi
endurmenntun.lbhi.is
endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast á Selfossi
Óska eftir 3ja herbergja íbúð á Selfossi sem fyrst. Uppl. í síma 892 2434.

Skefur í skafla í Hraunborgum

Mikill snjór hefur safnast fyrir í Hraunborgum sem víðar, en mikið hefur verið um norðan hvassviðri og skafrenning í Hraunborgum í Grímsnesi. Mikill snjór hefur safnast fyrir á opnum svæðum og skaflar hlaðist upp við sumarbústaðina. Ekki eru menn óvanir því. Félag sumarhúsaeigendanna á svæðinu sér um að láta moka svæðið á föstudögum þannig að eigendur bústaðanna geta notið þess að dvelja í húsunum í notalegu vetrarumhverfi. Það var Einar Gunnlaugsson sem sendi Dagskránni nokkrar myndir af því hvernig vindurinn getur leikið sér með snjóinn þegar svo ber undir. *-gpp*

Mynd: Einar D.G. Gunnlaugsson.



Að æfa sig í umönnun

Ólafur Grétar Gunnarsson

Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

Hér í Árborg höfum við undanfarin ár boðið nemendum í 9. bekk að taka þátt í forvarna- og jafnréttisverkefninu „Hugsað um ungbarn“. Markmiðið með raunveruleikanáminu er að gefa nemendum innsýn í ábyrgðina og álagið sem fylgir því að annast ungbarn. Vitund um mikilvægi góðrar umönnunar ungbarna er alltaf að aukast og þarf stöðugt að vera í umræðu. Nokkrum árum eftir grunnskólanám eru nemendur jafnvel að vinna á leikskólum og víðar í umönnunar og uppeldisstörfum og því mikilvægi fræðslu augljós.

Verkefnið felst í því að nemendur fá ungbarnahermi með sér heim og fá reynslu af því að annast „ungbarn” í 2 sólarhringa. Ungbarnahermirinn sem notaður er í 90 löndum og forritaður með raunupplýsingum, og því er um „ekta“ þarfir að ræða sem nemendur þurfa að sinna. Nemendur þurfa að finna út hverjar þarfir ungbarnsins eru og það er misjafnt hvort gefa þarf brjóst/pela, skipta um bleiu, láta barnið ropa eða hugga það og alltaf þarf að passa að halda undir höfuðið. Þessi reynsla felur í sér tækifæri til að læra um umönnun ungbarna, gera mistök og leiðrétta þau án þess að það hafi áhrif á raunverulegt barn. Til að geta lesið þarf ákveðna grunnfræðslu. Í verkefninu fá drengir og stúlkur, grunnfræðslu í umönnun ungbarna.

Tímabilið frá getnaði til 2ja ára leggur grunninn að lífsgæðum og fullorðinslífi einstaklingsins. Fjölþjóðlegar rannsóknir sýna að þegar þroski barns er undir meðallagi fyrsta æviárið er barnið mun líklegra til að dragast enn meira aftur úr næstu árin.

Til að geta uppfyllt þarfir barns fyrir ást og umhyggju verða foreldrar að finna til öryggis í hlutverki sínu. Því er afar mikilvægt að styrkja foreldra framtíðarinnar og stuðla að aukinni öryggiskennd þeirra í umönnun ungbarna. Fyrstu árin eftir fæðingu barns reynir mikið á foreldrana. Vitað er að innsýn í þarfir ungbarna hjálpar pörum að takast á við streituna sem fylgir aðlögun að foreldrahlutverkinu. Ein birtingarmynd streitunnar er að 30% skilnaðarbarna eru þriggja ára og yngri.

Nemendur, sem taka þátt í þessu mikilvæga og merkilega verkefni, stofna oft til foreldrahópa, þar sem þeir koma saman með „börnin“ styrkir bæði vinatengsl og jafningjafræðslu.“ Reynsla nemenda af því að þurfa að setja sjálfan sig til hliðar um stund fyrir „umönnunarhlutverkið“ og geta ekki eins greiðlega gert það sem honum sýnist þegar honum dettur það í hug er eftirsóknarverð fyrir þroska og þróun unglingsins.

Foreldrar njóta þess að sjá unglinginn í umönnunarhlutverki og það skapast tækifæri fyrir innihaldsríkar samræður. Umræða um kynjahlutverk, kynlíf og ábyrgð þess, samskipti kynjanna og gagnkvæma virðingu eru einnig tilvalin umræðuefni í þessu samhengi. Jafnréttisumræðan og umræðan um kynbundið áreiti og ofbeldi getur einnig fléttast inn með mikilvægum hætti.

Í skólastarfi er vitað að árangur starfsins byggist fyrst og fremst á sameiginlegri umhyggju foreldra og skóla og árangri í uppeldishlutverkinu. Það er afar mikilvægt að skólinn leggi sitt að mörkum til þess að virkja og styrkja nemendur í mikilvægasta hlutverki lífsins, að veita umhyggju. Þegar upp er staðið er það hornsteinninn að innihaldsríku lífi.

Ert þú byggingaverktaki?

Útboð á byggingu sex orlofshúsa BHM í Brekkuskógi

Orlofssjóður BHM óskar eftir tilboðum í verkið:
Orlofshús BHM í Brekkuskógi 2020-2022

Verklok eru 30. júní 2022.

Verkið felst í smíði, uppsetningu og hluta hönnunar á sex fullbúnum orlofshúsum, með verönd og heitum potti, á orlofshúsasvæði BHM í Brekkuskógi.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 23. mars 2020.
Senda skal beiðni um útboðsgögn á netfangið **gudmundur.hjaltason@efla.is** og gefa upp nafn bjóðanda, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.

Tilboðum skal skila til skrifstofu BHM að Borgartúni 6, Reykjavík, fyrir kl. 14:00, miðvikudaginn 22. apríl 2020. Þá verða þau tilboð sem borist hafa opnuð. Bjóðendum býðst að fylgjast með opnun þeirra í beinu streymi á netinu en eru vinsamlega beðnir um að mæta ekki á staðinn í ljósi aðstæðna í samfélaginu.

Orlofssjóður BHM

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2540 Miðvikudagur 18. mars 2020

Kórónuveiran laðar fram það besta hjá okkur

- Ingrid Kuhlman skrifar um jákvæðar hliðar kórónuveirunnar

Í faraldrinum sem nú herjar á heimsbyggðina má ekki gleyma því að slíkir atburðir laða oft fram það besta hjá okkur mannfólkinu. Ekki aðeins kórónuveiran virðist bráðsmitandi heldur einnig góðvild, von og náungakærleikur.

Að sjálfsögðu berast okkur af og til kaldhæðnislegar sögur, t.d. af vopnuðum mönnum sem stela klósettrúllum í Hong Kong eða áströlskum konum sem slást í matvöruverslunum vegna deilna um klósettpappír. Byggt á þessum sögum væri hægt að draga þá ályktun að fólk hugsi bara um sjálft sig.

Ekkert er jafn fjarri raunveruleikanum. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, sóttvarnalæknir, landlæknir og fjölmargir aðrir hafa undanfarnar vikur gengið fumlaust til verka við að skipuleggja varnir gegn útbreiðslu kórónuveirunnar hérlendis. Ríkisstjórnin hefur bakkað þetta frábæra fagfólk upp án fáts. Starfsfólk veirudeildar Landspítalans hefur unnið linnulaust við ótrúlegar aðstæður til að greina þúsundir sýna. Þúsundir lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða auk starfsfólks í ræstingum hafa lagt mikið á sig til að sinna veikum einstaklingum og tryggja að heilbrigðiskerfið geti starfað. Yfir 300 læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og lyfjafræðingar hafa auk þess skráð sig í sérstaka bakvarðarsveit heilbrigðisþjónustunnar.

Kári Stefánsson steig fram og bauð fram ómetanlega aðstoð til að framkvæma skimanir fyrir kórónuveirunni og gera jafnframt rannsóknir á mögulegum stökkbreytingum veirunnar. Síðast en ekki síst þá leggjast íbúar landsins á eitt um að draga úr frekari útbreiðslu veirunnar. Við erum öll almannavarnir!

Ástandið gerir okkur nánari

Frá Kína, Ítalíu, Spáni og Danmörku berast þær fregnir að krísan hefur gert fólk nánara. Í Kína hefur fólk að eigin sögn lært að þiggja aðstoð annarra. Vegna kórónuveirunnar og einangrunar sem margir hafa þurft að sæta hefur fólk stutt hvert annað í auknum mæli. Margir Kínverjar segja „jiayou“ („ekki gefast upp“) til að hvetja hvert annað.

Á Ítalíu, þar sem hafa verið settar þröngar skorður og fólk hvatt til að vera heima hjá sér, létta Ítalir hver öðrum lundina með því að standa úti á svölum og syngja Abbracciame („faðmaðu mig“), lag frá Napólí sem allir þekkja.

Sungið á svölunum á Ítalíu

Börnin skrifa „Andrà tutto bene“ („þetta reddast“) á veggina og hafa þessi hvatningarorð, sem voru fyrst notuð af nokkrum mæðrum í Puglia, breiðst út um alla Ítalíu eins og annar faraldur. Á Spáni fóru íbúar landsins út á svalir rétt áður en útgöngubannið tók gildi og klöppuðu hátt til að þakka heilbrigðisstarfsmönnum landsins sem leggja nótt við nýtan dag til að tryggja heilsu og vellíðan fólks. Í Danmörku hefur verið stofnaður bakhópur á Facebook þar sem fólk býður sig fram til að hringja í aldraða, fara í innkaupaferðir og útréttingar fyrir þá, fara með póst eða sækja lyf.

Samstaðan er falleg

Hérlendis hafa einnig borist fjölmargar jákvæðar fréttir. Eftir að matarúthlutun Mæðrastyrksnefndar var hætt vegna smithættu bárust sem dæmi þau ánægjulegu tíðindi að framtak sjálfboðaliða væri komið af stað til að aðstoða þennan viðkvæma hóp. Grasrótin leysir þannig þennan vanda með hagsmuni samborgara sinna í huga án aðkomu stjórnvalda.

Rannsóknir hafa sýnt að ósérhlífni, hjálpsemi og samstaða eykst almennt þegar á reynir. Kaldhæðni víkur fyrir von. Við áttum okkur á því að við erum öll í þessu saman og þurfum að sýna ábyrgð og samstöðu. Áföll þjappa okkur saman og sýna hið rétta eðli Íslendinga. Alls staðar sést fólk sem vill leggja sitt af mörkum, með því að hlíta fyrirmælum um sóttkví, einangrun og samgöngubann og líka með því að bjóða fram hvers konar aðstoð. Ómetanleg verðmæti felast í þessari samstöðu. Kannski á heimsfaraldurinn eftir að færa okkur nær hvert öðru (ekki líkamlega þó). Eða eins og ítalski forsætisráðherrann Guiseppe Conte orðaði það: „Höldum fjarlægð í dag, svo að við getum faðmast enn þéttingsfastar á morgun.“

Greinarhöfundur er framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar og með meistaragráðu í hagnýtri jákvæðri sálfræði.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Erum flutt á Selfoss
Velkomin áfram í viðskipti
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

DFS.is
Auglýsingapantanir
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

hádegistilboð 12:00-16:00
Hafið Bláa
restaurant with a view
The Blue Spa
hafidblaa.is
483-1000
12:00-20:00 fim-sun

Jiiibbiii Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25. ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is